



17
-2018

Ársskýrsla 2018

Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

200 ára | 1818–2018



Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands opnaði fyrirlestraröðina
Tímanns safn með erindinu *Skjöl skapa þjóð* við upphaf afmælisárs.

**„Skjöl skapa þjóð.
Landsbókasafnið og
mótun minninga í aldир
tvær.“**

**Tímanns safn,
11. janúar 2018.**

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn.

ÁRSSKÝRSLA 2018.

ISSN 2298-8785.

Ritstjórn: Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.

Umbrot: Íslenska auglýsingastofan.

Forsíðumynd: Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.

Myndir: Helgi Braga and Ólafur J. Engilbertsson.



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Frá landsbókaverði	2
200 ára afmæli – 1818-2018	6
Stjórnsýsla	7
Innra starf	8
Samskipti við Háskóla Íslands	14
Innlent samstarf	16
Erlent samstarf	20
Samningar	22
Skipurit	23
Rekstur og upplýsingatækni	24
Aðföng og skráning	30
Varðveisla og stafraen endurgerð ...	35
Þjónusta og miðlun	42
Árstölur	49

Frá landsbókaverði

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN er þekkingarveita í allra págu. Safnið veitir þjónustu á öllum svíðum vínsinda og fræða. Það er í forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga og eflir þannig menningu, rannsóknir og nýsköpun.

Rekstur safnsins var áfram talsvert undir áætlun, en staðan var jákvæð um 46,8 m.kr. í árslok. Góð afkoma skýrist m.a. af hagstæðu gengi við greiðslu erlendra reikninga og að sértekjur voru hærri, m.a. framlag vegna Tónlistarsafns Íslands. Ekki var hægt að ráðast í ákveðnar framkvæmdir við húseignir vegna mikilla rigninga sumarið 2018 og hluti útgjalda sem gert var ráð fyrir vegna afmælisárs færast yfir á 2019. Þá eru ýmsar breytingar á uppgjörsaðferðum ríkisins vegna nýrra laga um opinber fjármál (LOF). Nú eru eignakaup t.d. eignfærð og síðan afskrifuð, og tekið er tillit til orlofsskuldbindinga í uppgjöri. Þetta hefur áhrif á niðurstöður.

Aðhalds var áfram gætt í starfsmannahaldi en ársverkum fjölgðaði um 1.7. Sama á við um ferðir og ráðstefnur. Helstu framkvæmdir ársins voru að stigahús 3 og 4 á Þjóðarbókhlöðu voru málud að utan og einnig 1.h. Unnið var að lagfæringum á loftræsikerfi, sett öryggisgler í anddyri safnsins, innréttningar og tæki í mótneyti endurnýjuð, auk þess sem byrjað var á að endurnýja skrifborðsstóla starfsfólks, en það verður gert í áföngum.

Jafnlaunastefna var endurskoðuð með tilliti til Jafnlaunastaðals og verklagsreglur uppfærðar eftir því sem vinnu við jafnlaunakerfi safnsins vatt fram. Safnið setti sér einnig Skjalastefnu og Samfélagsmiðlastefnu. Hvatt var til þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið hefði forgöngu um að móta stefnu um opinn aðgang fyrir Ísland.

Í október var tekið upp áætlunarkerfið Akra fyrir ríkissjóð, á vegum Fjársýslu ríkisins, auk þess sem fjárhags- og mannaúðskerfið Orri var fært í nýja útgáfu. Starfsfólk safnsins tók þátt í undirbúnungi útboðs vegna nýs bókasafnskerfis og einnig vegna rannsóknasafns fyrir Ísland (CRIS). Vinna við verkefnið Græn skref í ríkisrekstri hófst á árinu. Haldið var upp á 200 ára afmæli safnsins með fjölda viðburða og verkefna og vinna við þau mun teygjast yfir á næsta ár (sjá bls. 6). Þá tók safnið virkan þátt í 100 ára fullveldisafmæli Íslands m.a. með verkefninu R1918 í samvinnu við RÚV og Listahátíð í Reykjavík. Einnig var safnið með færslurnar #FyrirÖld af tímarit.is á Twitter reikningi sínum og vef fullveldisafmælisins og þann 1.

desember voru opnaðar nýjar útgáfur af vefjunum bækur.is og hljóðsafn.is, auk þess sem STEF heimilaði hlustun á hljóðbútum tónlistarefnis í höfundarétti og FTT heimilaði birtingu mynda af plötu- og diskaumslögum á hljodsafn.is.

Þann 11. jan. hófst fyrirlestraröðin Tímanns safn en hún var hluti af afmælisdagskrá safnsins og stóð út árið. Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands flutti fyrsta fyrirlesturinn Skjöl skapa þjóð, fyrir fullum fyrirlestratal. Dagana 3. - 5. júní var haldin fundur evrópskra landsbókavarða, CENL (Conference of European National Librarians) í hátíðarsal Háskóla Íslands og í safninu, auk þess sem farið var í dagsferð til Þingvalla og í Gljúfrastein. Þá var haldið, í samstarfi við Fiske safnið í Cornell, málþing um Halldór Hermannsson undir yfirskriftinni Bókfræði – Norræn fræði – Menning, dagana 11.-12 okt.

Stefna ríkisaðila 2018-20

Rekstraráætlun fyrir 2018 var unnin skv. lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF), en þar er gert ráð fyrir árlegri stefnumótun ríkisstofnana til næstu þriggja ára, í samvinnu við sitt ráðuneyti. Þau verkefni safnsins, sem áhersla verður á næstu árin falla undir málaflokk 18.1 Safnamál í fjárlögum, en einnig er tekið mið af málefnsviðum 7 Rannsóknir, nýsköpun og þekkingargreinar og 21 Háskólastig. Í sumum tilvikum féllu verkefni í núverandi stefnu safnsins, þekkingarveita í allra págu, að þessum áherslum og var aukinn kraftur settur í vinnu við þau. Unnið var að eftirfarandi markmiðum á árinu 2018:

Kjarnastarfsemi:

1. Fjölgun heimsókna og bætt aðgengi á vefjum safnsins,
2. Aukið framboð á stafrænu menningarsögulegu efni á vefjum safnsins,
3. Úrbætur í húsnæðis- og öryggismálum m.a. fyrir varaeintakasafn.

Rekstrarþættir:

1. Efling mannaúðs,
2. Innleiðing Grænna skrefa í ríkisrekstri,
3. Efling skjalastjórnunar.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir framgangi einstakra verkefna, en vakin er athygli á að stefnan nær til þriggja ára og verður endurskoðuð árlega.

Kjarnastarfsemi

Fjölgun heimsókna og bætt aðgengi að vefjum

Vefjum safnsins fjölgaði úr 26 í 28. Heimsóknum fjölgaði um 23.8% og síðuflettingum um 13.3%. Nýjar þjónustur á aðalvef safnsins eru leiga á sölum og kennslurýmum og beiðnir um handritalán. Ellefu vefir voru með snjalltaekjaviðmót í lok árs. Endurskoðun á aðalvef safnsins stóð yfir allt árið og undirbúningur vegna nýs bókasafnskerfis fyrir Ísland.

Aukið framboð á stafrænu menningarsögulegu efni

Í stafrænni endurgerð handrita og pappírsefnis varð aukning um rúmlega 100.000 myndir eða síður, en alls eru rúmlega 6 milljónir mynda á vefjum safnsins. Áhersla var á að bæta við efni á vefjunum *bækur.is*, *handrit.is* og *hljóðsafn.is*. Á *bækur.is* fjölgaði titlum á stafrænu formi úr 1.600 í 1.705 á árinu (6.6%) og mynduðum handritum á *handrit.is* fjölgaði úr 1.980 í 2.450 (20.5%). Stafrænum hljóðskrám fjölgaði úr um 32.000 í 37.857 (18.3%), auk umslaga og textahefta fyrir *hljodsafn.is*, alls 10.200 myndir af fylgiefni í árslok. Ýmislegt annað menningarsögulegt efni er á vefjum safnsins s.s. skrá yfir þýðingar Íslendingasagna, vefurinn *einkaskjol.is* sem er skrá yfir bréfasöfn, *ismus.is* með tónlistartengdu efni, *Lykilskrá* með samræmdum efnisorðum og mannanöfnum, og svo sögulegir vefir s.s. *konurogstjornmal.is* og um skáldin Hallgrím Pétursson og Jónas Hallgrímsson.

Úrbætur í húsnæðis- og öryggismálum

Safnkostur er í þjóðarbókhlöðu auk tíu annarra staða ef útibú og gagnageymslur eru talin. Helstu geymslur fyrir áþreifanlegt efni eru í kjallara Þjóðarbókhlöðu, Reykholti og í Mjódd. Mikið hefur verið hagrætt, grisjað og skráð í geymslum s.l. ár og settar stífari reglur um móttöku gjafaefnis. Á vegum menntamálráðuneytisins er unnið að skýrslu um geymslur menningarstofnana og m.a. um varaeintakasafnið í Reykholti.

Settar voru rúður úr öryggisgleri í anddyri Bókhlöðunnar og búnaður fyrir neyðaropnun endurnýjaður fyrir flóttahurðir í stigahúsum. Þá var bætt við öryggis-myndavélum í anddyri og yfir bílaplan. Allir vefir safnsins eru nú með https tengingar.

Rekstrarþættir

Efling mannauðs

Stefnt var að jafnlaunavottun á árinu og verkefnið langt komið í árslok. Stefnt er að úttekt 2019. Þar sem því verður við komið er unnin kynbundin tölfraði, sem birt

er í ársskýrslu. Niðurstöður úr Stofnun ársins lækkuðu um nokkur stig, og í framhaldi var settur saman vinnuhópur til að rýna helstu niðurstöður.

Innleiðing Grænna skrefa í ríkisrekstri:

Þátttaka í *Grænum skrefum* hófst 2017. Stefnt var að því að ljúka 1. skrefi á árinu og tókst það að mestu leiti. Gert er ráð fyrir að markmiðið náist 2019.

Efling skjalastjórnar

Skjalastefna var samþykkt í ágúst, en vinna við skjalavistunaráætlun tafðist en stefnt er að því að ljúka henni á næsta ári. Þá var einnig unnið að rafrænum skilum á gagnasafninu *Skemman* til Þjóðskjalasafns Íslands. Í skrá um nefndir og samstarfsaðila á vef safnsins voru 55 aðilar um áramót. Skráðum málum í málaskrá fækkaði nokkuð.

Þekkingarveita í allra þágu

Stefna safnsins *Þekkingarveita í allra þágu* var unnin fyrir árin 2013-2017. Sett voru fram 61 stefnumál, sem skiptust í átta málaflokka. Til að vinna að þeim voru skilgreind 213 verkefni. Ákveðið var að framlengja stefnuna út árið 2018, þar sem þó nokkur verkefni voru enn í vinnslu og margt í stefnunni rímaði við vinnu vegna LOF. Í lok árs 2018 var staða verkefna þannig:

LOKIÐ	143	67.10%
Í vinnslu	38	17.85%
Hætt við	15	7.05%
Ekki hafið / úrelt	17	8.00%
Alls	213	100.00%

200 ára afmæli

Undirbúningur fyrir 200 ára afmæli safnsins hófst í þegar árið 2016, meða hugmyndasamkeppni meðal starfsfólks. Skilgreindir voru 20 viðburðir verkefni sem gerð erg rein fyrir á bls. 6. Einingn tók safnið þátt í viðburðum vegna 100 ára afmælis fullveldis Íslands.

Í ársskýrslunni er fjallað um helstu verkefni sem unnið var að, auk þess sem birtar eru lykiltölur um starfsemina og helstu niðurstöðutölur rekstrarreiknings.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
National Librarian

200 ára afmæli – 1818-2018

200 ára afmæli Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafn

Sýningar:

Jón Leifs, sýning í tilefni frumflutnings tónverksins Edda II. Samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands.
Kveisustrengur, kjörgripur í Safnahúsi. Samstarf við Þjóðminjasafn Íslands.
Bókverk, sérsýning í Safnahúsi. Samstarf við Listahátíð í Reykjavík og Þjóðminjasafn Íslands.
Tímanns safn, sýning um 200 ára sögu safnsins. Samstarf við Þjóðskjalasafn, Þjóðminjasafn, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og myndasafn Háskóla Íslands.

Útgáfa:

Myndefni frá afmælisári, upptökur og heimildir um afmælisár. Birt á YouTube rás safnsins.
Slæða með áprentuðum kveisustreng. Samstarf við Hrönn Vilhelmsdóttur.
Kjörgripir, bók um valda kjörgripi í safninu. (Í vinnslu).
Nýr bæklingur fyrir safnið. (Í vinnslu).
Frímerki með mynd af Þjóðarbókhlöðunni. Samstarf við Tryggva Tryggvason og Íslandspóst.

Fundir og fyrirlestrar:

Tímanns safn, fyrirlestraröð sem stóð allt árið, um málefni tengd safninu.
Ársfundur evrópskra landsbókavarða 2018. Samstarf við CENL (Conference of European National Librarians).
Málþing um Halldór Hermannsson bókavörð í Cornell. Samstarf við The Fiske Icelandic Collection við Cornell-háskóla, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi.

Viðburðir:

Starfsmannaferð í Mjódd, Reykholt og Borgarfjörð. Samstarfsaðili: Snorrastofa.
Stórafmælisveisla í tengslum við Landsfund Upplýsingar í Reykjavík. Samstarf við Borgarbókasafn og Upplýsingu.
Nýr vefur safnsins. (Í vinnslu). Samstarf við Íslensku auglýsingastofuna.

Ímyndarmál:

Hönnun nýs merkis fyrir safnið. Samstarf við Íslensku auglýsingastofuna.
Hönnun á ýmiskonar útgáfu og bréfagögnum. (Í vinnslu). Samstarf við Íslensku auglýsingastofuna.
Fjölmíðlaumfjöllun. Samstarf við ýmsa fjölmíðla.
Umhverfi safnsins, Þjóðarbókhlaða máluð, átak í umhirðu garðs, bekkir, fánar, merkingar.
Tímarit.is, kynningarverkefni. (Í vinnslu).

100 ára fullveldi Íslands

Verkefni:

R1918: útvarpsinnsög með upplestri úr bréfum og gögnum frá 1918. Samstarf við Listahátíð og RÚV.
#Fyrir öld: færslur úr dagblöðum á *timarit.is* frá 1918 á Twitter. Samstarf við Afmælisnefnd um 1918.
Sýning um Guðrúnu Lárusdóttur þingkonu. Samstarf við Málfríði Finnbugadóttur.
Sýning um Jón Leifs tónskáld. Samstarf við Árna Heimi Ingólfsson og Sinfóníuhljómsveit Íslands.
Lífsblómið, lán á handritum og upptökum frá R1918 á sýningu. Samstarf við Listasafn Íslands o.fl.
Bækur.is – nýtt útlit.
Hljóðsafn.is – nýtt útlit.

Stjórnsýsla

Stjórn

Skipunartími stjórnar safnsins var frá 15. október 2014 til 14. október 2018. Í henni sátu Ágústa Guðmundsdóttir formaður, skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra, Elín Soffía Ólafsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, tilnefnd af háskólaráði Háskóla Íslands, Hrafn Loftsson, tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, Kristín Svavarsdóttir tilnefnd af vísindaneftnd Vísinda- og tækniráðs, Sveinn Ólafsson, tilnefndur af Upplýsingu og Rósa Bjarnadóttir tilnefnd af starfsfólki safnsins. Í varastjórn sátu Arna Hauksdóttir, Ágústa Pálsdóttir, Guðmundur Freyr Úlfarsson, Marta Kristín Lárusdóttir, Karl Andersen, Margrét Sigurgeirsdóttir og Erlendur Már Antonsson. Stjórnarfundi sátu einnig landsbókavörður og fjármálastjóri safnsins. Haldnir voru 6 stjórnarfundir. Fundargerðir eru birtar á *Inngangi*, og sendar mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Í lok árs óskaði mennta- og menningarmálaráðuneytið eftir tilnefningum í nýja stjórn.

Framkvæmdaráð

Framkvæmdaráð hittist að jafnaði vikulega en þar er miðlað upplýsingum, verkefni samhæfð og fjallað um rekstur safnsins. Í framkvæmdaráði sátu landsbókavörður og sviðsstjórar, Edda G. Björgvinsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, Ragna Steinarsdóttir og Örn Hrafnkelsson, auk Guðrúnar Halldóru Sveinsdóttur mannaðsstjóra. Ráðið fundaði 35 sinnum á árinu og eru fundargerðir birtar á *Inngangi*.

Lagaumhverfi

Engar beinar breytingar urðu á lagaumhverfi safnsins á árinu, en samþykkt voru á Alþingi lög um endurnot opinberra upplýsinga og um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, en þau munu hafa áhrif á starfsemi safnsins. Á vorþingi var samþykkt þingsályktunartillaga um hugverkaréttindi og einnig um gerð áætlunar um stafræna endurgerð íslensks prentmáls. Á haustþingi voru samþykkt lög um stuðning við bókaútgáfua Íslandi nr. 130 / 2018 en skv. þeim telst bók gefin út og gerð aðgengileg almenningi þegar hún hefur verið samþykkt í alþjóðlega

bóknúmerakerfið hjá Lbs-Hbs, skráð í bókasafnskerfið Gegni eða í sambærilegt skráningarkerfi erlendis og boðin opinberlega til sölu, láns eða leigu. Í samræmi við samþykkt þingsályktunartillögu um gerð áætlunar um stafræna endurgerð íslensks prentmáls skipaði mennta- og menningarmálaráðherra starfshóp í september til að gera kostnaðar og tímaáætlun, en í honum sátu Rán Tryggvadóttir formaður, Ingibjörg Steinunn landsbókavörður, Eiríkur Þorláksson og Marta Guðrún Skúladóttir bæði frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Einnig komu að verkinu Örn Hrafnkelsson og Edda Guðrún Björgvinsdóttir af hálfu safnsins. Hópurinn skilaði skýrslu til ráðherra 3. des. Þar er verkefnið afmarkað, kostnaður áætlaður, gerð grein fyrir höfundarétti og samningum við réttthafa. Þá er lögð fram kostnaðar-, verk- og tímaáætlun. Það er síðan ráðherra að gefa skýrslu til Alþingis.

Stefnumótun

Varðandi stefnu ríkisaðila 2018 – 2020 sjá bls. 4-5. Einnig er þar lokaniðurstaða fyrir stefnu safnsins 2013 – 2018 *Pekkingarveita í allra þágu* en hún var framlengd út árið 2018. Stjórn safnsins ræddi undirbúning að nýrri stefnumótun snemma árs og hvaða áherslur skuli leggja. Á stjórnarfundum ársins var fjallað um ýmis áhersluatriði sem áhugi var á að taka fyrir, s.s. húsnæði, tæknimál, útgáfu, sýningargáhald, stuðning við rannsóknir o.fl., og verður sú vinna lögð inn í undirbúning að nýrri stefnu.

Stjórnendur háskólabókasafna sendu minnisblað til mennta- og menningarmálaráðherra í maí þar sem hvatt var til stefnumótunar um opinn aðgang, auk þess að fjármögnun vegna birtinga í opnum aðgangi verði skoðuð. Málið var einnig rætt í samstarfsnefnd HÍ og Lbs-Hbs. Í lok árs var settur á fót vinnuhópur og sátu í honum fulltrúar hagsmunaaðila, en landsbókavörður og Sigurgeir Finnsson af hálfu safnsins.

Skipurit

Nýtt skipurit tók gildi 1. jan. 2018 (sjá bls. 23). Einingarnar Miðstöð munnglegrar sögu, Tónlistarsafn Íslands og tón- og myndsafn voru sameinaðar í faghópinn *hljóð- og myndsafn* á Varðveislusviði. Fagstjóri er Bjarki Sveinbjörnsson. Nýjar útgáfur skipurits á íslensku og ensku voru settar á vef.

Innra starf

Rekstraráætlun

Framlag til safnsins á fjárlögum 2018 og vegna rannsóknaleyfa og kjarasamninga var 1.018.100 (946.6) millj. kr. Það er hækkun frá fyrra ári, sem skýrist aðallega af launa- og verðlagshækkunum og. Við þetta bætist framlag HÍ vegna ritakaupa, innheimta vegna Landsaðgangs, framlag vegna Tónlistarsafns Íslands o.fl. þannig að heildartekjur safnsins voru 1.284.812 millj. kr. Vegna hagstæðs gengis voru útgjöld vegna erlendra aðfanga tiltölulega lág, en innlend aðföng og þjónusta sem safnið kaupir hækkaði. Fasteignagjöld hækkuðu talsvert.

Verkefnaáætlanir

Að venju voru unnar verkefnaáætlanir fyrir hvert svið. 312 verkefni voru tengd stefnu safnsins í upphafi árs, en nokkur bættust við. Fylgst er með framvindu verkefna ársfjórðungslega og í árslok er árangur metinn, hvað hefur áunnist, hvað hefur ekki tekist og hvers vegna. Lokið var við 65% verkefna, en 15% voru enn í vinnslu, en á áætlun í árslok. Hætt var við 4% verkefna eða að þeim var breytt, en önnur verkefni voru ekki á áætlun eða í bið.

Fræðsluáætlanir

Gerð var fræðsluáætlun fyrir veturni 2017-2018 og skiptist hún í nokkur þemu. Á vorönn 2018 var tekið fyrir eftirfarandi:

Náms- og rannsóknarleyfi:

Sigurður Örn Guðbjörnsson kynnti athuganir um söfnun, varðveislu og aðgengi að erlendri útgáfu sem tengist Íslandi og breytingum á skylduskilalögum hjá nágrannapjóðunum. Örn Hrafinkelsson sagði frá uppbryggingu og þjónustu tónlistarsögusafna m.a. í Danmörku og Bretlandi. Áki Guðni Karlsson sagði frá doktorsverkefni sínu og tilraunir til að skapa hugverkarétt fyrir menningararf og alþýðulistir.

Sjálfsefling og starfsandi:

Kynntar voru niðurstöður í Stofnun ársins og niðurstöður þjónustukönnunar meðal starfsfólks um mótneyti og veitingastofu.

Heilsuvernd og forvarnir:

Fjallað var um *MeToo* byltinguna og samskipti kynjanna á vinnustað í janúar. Þá voru tveir kynningarfundir á vorönn vegna verkefnsins *Græn skref*, og aftur í nóvember um árangur sem náðist á árinu.

Tækni og tækifæri:

Haldin voru nokkur örnmáskeið um tækni og tækifæri sem starfsfólk sá um, t.d. um tækni og tölvur í fyrilestrasal, GoPro skjalavistunarkerfið, Word og Excel. Um haustið var fjallað um Facebook Workplace, One Note minnisbók og Power Point glærur.

Stjórnsýsla:

Ný persónuverndarlög voru kynnt og áhrif þeirra á störf innan safnsins.

Á haustönn var engin formleg fræðsla en unnið að ýmsum afmælisverkefnum. Allmargir starfsmenn safnsins stunda nám eða sækja sér endurmenntun á eigin vegum. Reynt er að koma til móts við þá með sveigjanlegum vinnutíma eða læKKUÐU starfshlutfalli, ef að námið nýtist viðkomandi í starfi eða bætir við þekkingu í safninu. Þá sækir starfsfólk sér fræðslu um nýjungr á s.k. vefþingum (webinars) á vegum erlendra aðila s.s. Ex-Libris og American Library Association.

Námsleyfi

Skv. kjarasamningum BHM frá 2011, hefur starfsfólk sem unnið hefur í fjögur ár hjá sömu stofnun rétt á leyfi til að stunda endurmenntun eða framhaldsnám, enda sé það í samræmi við endurmenntunar- eða starfsþróunaráætlun viðkomandi stofnunar eða starfsmanns. Safnið hefur mótað reglur um námsleyfi til að framfylgja þessu ákvæði. Enginn sótti um námsleyfi árið 2018.

Rannsóknarleyfi

Félagsmenn í Félagi háskólakennara geta sótt um rannsóknaleyfi með nokkura ára millibili. Jökull Sævarsson fékk 30 daga til að til að leita ítarlegra upplýsinga um íslensk rit prentuð fyrir 1844, sem varðveisitt eru í Konungsbókhlöðu í Kaupmannahöfn og á öðrum söfnum í borginni, t.d. Ríkisskjalasafninu

(Rigsarkivet). Einnig að afla nánari upplýsinga um íslenskar bækur og smáprent sem ekki er til á Íslandi. Ólafur J. Engilbertsson fékk 30 daga til að fara í rannsókna- og kynnisferð í heraðsbókasafn Katalóníu í Barcelona, Biblioteca de Catalunya og önnur bókasöfn á svæðinu. Tilgangur ferðarinnar var að kynnast stafvæðingu safnefnis, s.s. handrita, prentaðra bóka, tímarita, teikninga og tónlistar, auk rafrænnar miðlunar slíks efnis. Þá fékk Bjarki Sveinbjörnsson úthlutað fræðimannsíbúð í Húsi Jóns Sigurðssonar til að vinna að rannsókn um íslenska tónlistarmenn í Kaupmannahöfn.

Ráðstefnur, málþing, fundir

Fyrirlestraröðin Tímanna safn

Fyrirlestraröðin *Tímanna safn* sem haldin var í tilefni af 200 ára afmæli safnsins, hófst í ársbyrjun og stóð yfir allt afmælisárið. Fyrirlestrarnir voru teknir upp og eru aðgengilegir á YouTube rás safnsins.

Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands opnaði fyrirlestraröðina þann 11. jan. með erindinu *Skjöl skapa þjóð*. Hann fjallaði um skrásetningu heimilda og gildi bóka- og skjalasafna, og hvernig heimildir eru nýttar á hverjum tíma.

Þann 1. feb. hélt Erla Hulda Halldórsdóttir, lektor í sagnfræði við Há, erindið *Sendibréf í safni Páls Pálssonar stúdents*. Hún fjallaði um bréfasafn Páls (1806-1877), sem vann m.a. að handritasafni Landsbókasafns í hjáverkum. Í safninu er að finna fjölmög bréf frá systur Páls, Sigríði Pálsdóttur (1809-1871) sem Erla hefur nýtt sér til rannsókna um árabil.

Þann 1. mars hélt Bragi Þorgrímur Ólafsson, fagstjóri handritasafns erindið *Landsbókasafn og ræktun íslenskrar menningar 1818 – 1888*. Hann fjallaði um tilurð safnsins og áhrif þess á þróun þjóðmenningar og sjálfstæðisbaráttu.

Þann 5. apríl hélt Pétur H. Ármannsson arkitekt erindi um *Safnahúsið við Hverfisgötu*, þar sem Landsbókasafn var til húsa frá 1909-1994. Hann sagði einnig frá Johannes Magdahl Nielsen arkitekt og verkum hans.

Einar Sigurðsson fv. landsbókavörður flutti erindið *Sameining safna og ný bygging* þann 3. maí. Hann fór yfir aðdraganda sameiningar Landsbókasafns og Háskólabókasafns og hina hægu framvindu nýbyggings að Arngrímsgötu 3. Einnig veik hann að lagasetningu og nafngjöf safnsins.

Þann 31. maí flutti Rakel Adolphsdóttir forstöðukona Kvennasögusafns, erindið *Þjóðararfur hverra? Kvennasögusafn sem hluti af Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni*. Kvennasögusafn Íslands var stofnað 1975. Markmiðið er að safna heimildum um

konur í Íslandssögunni, skrá þær og miðla, ásamt því að hvetja til rannsókna. Einnig var stefnt að því að tryggja safninu framtíðarvist í Þjóðarbókhlöðunni og það gerðist árið 1996.

Bjarki Sveinbjörnsson fagstjóri og Bryndís Vilbergss-dóttir sérfræðingur fluttu erindið *Íslenskur tónlistararfur í Lbs-Hbs* þann 6. sept. Þau fjölluðu um íslenska hljóðritaútgáfu, þróun útgáfuforma og þær áskoranir sem fylgja söfnun, varðveislu og miðlun hljóðrita. Einnig var sagt frá margskonar heimildum um íslenska tónlist sem eru varðveittar í safninu.

Þann 20. sept. ræddu Unnar Örn Auðarson myndlistarmaður og Rannver H. Hannesson forvörður um bókverk og sýninguna *Bókverk : frá skapandi prenti til útgáfu listamanna* í Safnahúsinu. Á sýningunni voru bækur eftir listamenn og annað skapandi prentverk varðveitt í Lbs-Hbs, en á þessu ári varð til nýtt sérsafn tengt bókverkum og útgáfu listamanna.

Örn Hrafinkelsson svíðsstjóri Varðveislusviðs ræddi breytingar í starfsemi safnsins í erindinu *Lbs-Hbs á stafrænum tímum* þann 4. okt. Hann fjallaði um stafræna endurgerð og birtingu efnis á vef, og hvernig ný vinnubrögð og nálgun í bókasöfnum getur haft áhrif á notendur og aðgang rannsakenda að upplýsingum. Einnig ræddi hann um stafræn fræði eða stafræn hugvísindi og hvernig þau snúa að bókasöfnum og myndrænni framsetningu gagna þeirra.

Hilma Gunnarsdóttir upplýsingafræðingur flutti erindið *Bókasafn 21. aldar – fjársjóður eða fortíðarvandi?* þann 1. nóv. Hún ræddi um hlutverk fagstéttar á nýrri öld þar sem upplýsingaflæðið er yfirþyrmandi og falsfréttir markvisst framleiddar. Hún beindi sjónum að sjálfsmýnd bókasafns- og upplýsingafræðinga, sambandi þeirra við notendur, skyldum við samfélagið og hinum pólitíkska þræði og spurði hvort upplýsingafrelsíð sé heilagt og hversu langt skuli ganga til að verja það.

Kristín Svava Tómasdóttir sagnfræðingur og rithöfundur flutti erindið *Hráefni og sögur* þann 6. des. Hún fjallaði um safnið sem vettvang sagnfræðilegra rannsókna og miðlunar og hvernig hún hefur nýtt sér þann efnivið sem er að finna í Lbs-Hbs í rannsóknum sínum. Hún velti upp spurningum um hvað stýri því hvaða sögur eru sagðar og á hvaða hátt.

Morgunkorn um nýtt bókasafnskerfi

Upplýsing stóð að kynningu á nýju bókasafnskerfi þann 18. janúar. Fulltrúar frá Landskerfi bókasafna sögðu frá ferlinu við undirbúning og framkvæmd útboðs á nýju bókasafnskerfi sem verður arftaki hugbúnaðarins að baki Gegni. Farið var yfir stöðuna og dregin upp mynd af væntanlegri framvindu verkefnisins á næstu mánuðum. Einnig var rædd aðkoma starfsfólks bókasafna að verkefninu.

Dagur forvörlunnar 15. mars

Í tilefni þess að árið 2018 var valið ár evrópska menningararfsins, tók Félag norrænna forvarða frá sameiginlegan dag til að vekja athygli á forvörlu og varðveislu á Norðurlöndunum, undir heitinu: *Dagur forvörlunnar – 15. mars*. Rannver H. Hannesson forvörður var með erindi í fyrirlestrarsal á þennan dag, þar sem hann kynnti sögu og starfsemi Félags norrænna forvarða og mikilvægi þess í alþjóðlegu samhengi. Hann sagði einnig frá stöðu forvörlu hér á landi og starfsemi forvörlustofu í safninu. Að kynningu lokinni var opið hús hjá bókbandi og forvörlu á 1.h. þar sem tekið var á móti gestum, aðstaðan sýnd og sagt frá helstu verkefnum.

Kynning á Turnitin

Samningur til þriggja ára um Turnitin ritstuldar- og endurgjararhugbúnaðinn fyrir íslenska háskóla og framhaldsskóla var gerður í lok síðasta árs, en umsjón og skipulag verkefnisins er hjá Lbs-Hbs. Dagana 26. og 27. febr. kom tengiliður safnsins við Turnitin, Koos Kruithof, til landsins og hélt fundi með helstu hagsmunaaðilum og kynningar fyrir þá fulltrúa sem sjá um umsjón og rekstur kerfisins í hverjum skóla. Góð mæting var á kynningarnar og greinilegt að mikill áhugi er á að nýta kerfið. Faglega umsjón af hálfu safnsins hefur Hilma Gunnarsdóttir, en tæknilegur tengiliður HÍ er Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Kynning á Social Research Methods

Þann 13. mars var haldin kynning á vegum SAGE útgáfunnar á *SAGE Research Methods*, gagnagrunni í aðferðafræði. Í SRM eru yfir þúsund bækur og fjöldi tímaritsgreina í aðferðafræði, auk verkfæra til aðstoðar við nám og rannsóknir. Kynningin fór fram í fyrirlestrarsal safnsins og var ætluð starfsfólki í aðföngum og þjónustu og kennurum Félagsvíðasviðs HÍ, en sviðið gerðist áskrifandi að grunninum um síðustu áramót.

Nordic Library Network – Café Lingua

Stjórn norræns samstarfsnets bókasafna sem reka tungumálakaffi, leshópa og fjölmennigarstarf (Nordisk netværk for professionelle, der arbejder med sprogcaféer, læseklubber og lignende på biblioteket) fundaði á safninu 23. maí. Norræna ráðherranefndin styrkir þessa starfsemi og starfsmaður þess er Vibeke Nielsen sem hefur aðsetur í Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn. Samstarfsnetið hóf starfsemin sína á síðasta ári. Með í hópnum var Jamie Johnson sem vann áður í millisafnalánum í Lbs-Hbs og starfsfólk frá Borgarbókasafni, Bókasafni Kópavogs og fleiri söfnum. Fundurinn var haldinn í tengslum við ráðstefnuna *Rætur og vængir*, sem var haldin í Veröld

24.-25. maí, en þar var fjallað um mikilvægi menningar og listar í fjölmenningsarlegu samfélagi.

Ljóðaverðlaunin Maístjarnan

Ljóðaverðlaunin Maístjarnan, sem Rithöfundasamband Íslands og Lbs-Hbs standa að, voru veitt í annað sinn 29. maí. Verðlaunin hlaut Kristín Ómarsdóttir fyrir ljóðabókina *Kóngulær í sýningargluggum*. Alls voru 73 ljóðabækur sem skiliðu sér til safnsins frá 2017. Í dómnefnd sátu Magnea J. Matthíasdóttir frá RSÍ og Rannver H. Hannesson af hálfu Lbs-Hbs. Þau fóru yfir alla útgáfuna og tilnefndu fimm bækur. Þá hannaði Ólafur J. Engilbertsson merki Maístjörnunnar og í ár voru prentaðir límmiðar til að merkja tilnefndar bækur í verslunum.

Þing norrænna lagabókavarða

11. þing norrænna lagabókavarða var haldið í safninu 23. og 24. ágúst. Formaður undirbúningsnefndar var Kristína Benedikz fyrrum starfsmaður safnsins og einnig situr í nefndinni Guðmundur Ingi Guðmundsson frá safninu. Landsbókavörður opnaði ráðstefnuna, en Guðmundur fjallaði um meistaraprósverkefni sitt um upplýsingahegðun laganema og Guðrún H. Sveinsdóttir mannaudsstjóri sagði frá undirbúningi safnsins fyrir innleiðingu evrópsku persónuverndarreglugerðarinnar (GDPR).

Bókasafnsdagurinn 2018 og Morgunkorn

Bókasafnsdagurinn var haldinn hátíðlegur 7. sept. Þema dagsins var *Lestur er bestur – fyrir vísindin*. Dagurinn hófst á Morgunkorni Upplýsingar sem Jóhann Heiðar Árnason formaður félagsins opnaði í fyrirlestrarsal þjóðarbókhlöðunnar, en fundinum var einnig streymt og er hann aðgengilegur á YouTube. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir prófessor og aðstoðarrektor vísinda við HÍ hélt fyrirlestur um mikilvægi bókasafna í þágu vísinda.

Bókfræði – Norræn fræði – Menning – málþing um Halldór Hermannsson (1878-1958)

Málþing til minningar um Halldór Hermannsson bókavörð Fiskesafns við Cornell háskóla í Íþöku í Bandaríkjunum var haldið í safninu dagana 11.-12. október. Málþingið var hluti af 200 ára afmælisdagskránni og haldið í samstarfið við The Fiske Icelandic Collection við Cornell, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi. Fjallað var um Halldór og Fiskesafnið í víðum skilningi og einnig margbreytilega áhugamál Halldórs. Erlendir fyrirlesarar voru Patrick J. Stevens, Kristen Wolf, Jeffrey Turco, Silvia Hufnagel og Regina Jucknies. Erindin voru öll tekin upp og sett á YouTube rás safnsins.

Útgáfa

Stefnt er að því að útgáfa safnsins sé sem mest stafræn, en nokkrir leiðbeiningabæklingar þjónustusviðs voru endurskoðaðir og fjörlitaðir. Árskýrslur frá 1994 og sýningarskrár frá 2007 eru á vef safnsins. Auk þessa eru *Árbók Landsbókasafns 1945-1994* og *Ritmennt 1996-2005 á timarit.is*.

Í tilefni af afmælisári var íslenska auglýsingastofan fengin til að hanna nýtt merki fyrir safnið og hönnunarstaðal m.a. fyrir nýtt útlit á bréfsefni, fána, vefi, útgáfur og annað sem birt er á vegum safnsins. Árskýrsla 2018 er birt með þessu nýja sniði og nýja útlitið verður innleitt smám saman. Vinna hófst við bók um kjörgripi í safninu.

Sýningarskrár

Sýningarskrá var gefin út vegna sýningar um um 200 ára afmæli safnsins. Einfaldir bæklingar voru gefnir út í tengslum við aðrar sýningar. Um hönnun sá Ólafur J. Engilbertsson.

Wiki-handbækur á Inngangi

Áfram var unnið að því að setja efni og vinnureglur í Wiki-handbækur sem eru á Inngangi og fjölgæði um eina árinu og eru þær nú tólf.

Opin gögn

Safnið er með two opna gagnapakka á vefnum *opingogn.is*. Það eru *Lykilskrá* og *Íslensk bókaskrá til 1844*. Áhugi er fyrir að opna fleiri pakka.

Bókasafnið 2018

42. árgangur tímaritsins *Bókasafnið* kom út. Ritstjóri var Sveinn Ólafsson. Í tilefni afmælisárs var birt langt viðtal við landsbókavörð. Nokkrir starfsmenn safnsins áttu greinar í blaðinu: Kristjana Mjöll Hjörvar skrifaði um málþing Upplýsingar undir heitinu *Samstarf og samstaða*, og gerði einnig grein fyrir starfi stjórnar Upplýsingar árin 2016-2018, Sigurgeir Finnsson skrifaði um stefnur og stefnuleysi varðandi opin visindi á Íslandi, Ragna Steinarsdóttir gerði grein fyrir niðurstöðum RDA könnunar sem gerð var meðal skrásetjara á Íslandi og Hilma Gunnarsdóttir fjallaði um lokaverkefni sitt við Ohio State University, en þar fjallar hún um síðferðileg álitamál í upplýsingaþjónustu.

Vefir og Samfélagsmiðlar

Vefir og vefþjónustur

Starfshópur vann að endurskoðun aðalvefjar safnsins allt árið, bæði hvað varðaði innihald, og útlit. Vefurinn *openaccess.is* var endurskoðaður og fékk nýtt útlit. Ætlunin er að hafa þar grunnupplýsingar um opinn aðgang og leiðbeiningar fyrir útgefendur og höfunda. Þann 1. desember, í tilefni af 100 ára fullveldis Íslands, voru opnaðar endurskoðaðar útgáfur af vefjunum *bækur.is* og *hljodsafn.is*. Vefirnar fengu nýtt útlit í samræmi við hönnunarstaðal safnsins, auk þess sem aðgengi að efni þeirra í sínum, snjalltækjum og lesbrettum var stórbætt. Fleiri vefir fá nýtt útlit í kjölfarið.

Áttavitinn er þjónusta á aðalvef safnsins þar sem vísað er á ýmis hjálparöggn við heimildaleit, tengla í gagnasöfn og margvíslegt fræðsluefni. Áttavitarnir voru 65 um áramót.

Vefmælingar

Fylgst var með notkun á 28 vefjum á vegum safnsins á árinu. Notkunin var mæld með Google Analytics. Heimsóknum fjölgæði um 23.8%, og munar þar mestu um nýja vefi í talningu og aukna notkun á vinsælustu vefjunum. Heimsóknir voru rúmlega 3.9 millj. og síðuflettingar jukust einnig verulega og voru um 14 millj. Að hluta til stafar sú aukning af breyttum aðferðum við mælingar á vefnum *skemman.is*.

Að meðaltali voru vefir safnsins heimsóttir um 10.600 sinnum á dag árið um kring og um 38.500 síður sóttar daglega. Um fjórðungur heimsókna eru í gengum snjalltæki, en misjafnt eftir vefjum. *timarit.is* og *skemman.is* eru langvinsælustu vefir safnsins. Þá kemur *ismus.is*, aðalvefurinn og *handrit.is*. Sjá nánar um heimsóknir og síðuflettingar í töflu 2.13.

Samfélagsmiðlar

Starfsfólk safnsins notar samfélagsmiðla til að koma á framfæri fréttum, viðburðum og lykilverkefnum, en einnig til að efla tengsl við notendur og samstarfsaðila. Nokkur endurskoðun fór fram á árinu og samfélagsmiðlum í umsjón safnsins fækkað. Átta síður eru á Fésbók, þrír reikningar á Twitter, ein rás á You Tube og Tónlistarsafn Íslands er með talsvert efni á You Tube og Vimeo. Helstu miðla og fylgjendur þeirra um áramót má sjá í töflu 2.15.

Hópar hafa einnig búið til Fésbókarsíður s.s. Starfsmenn. *Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn* (73) og *Hlöðver – starfsmannafélag Þjóðarbókhlöðu* (48). Einnig eru búnir til viðburðir á Fésbókinni í tengslum við sýningar og opnanir. Kristinn Sigurðsson heldur úti bloggsíðu, þar sem viðruð eru ýmis vandamál og lausnir um vefsöfnun. Slóðin er <http://kris-sigur.blogspot.com/>

Í vikulokin

Landsbókavörður sendir reglulega út pistla undir heitinu *Í vikulokin*. Pistlarnir eru sendir til starfsfólks, stjórnar safnsins og starfsfólks bókasafns Menntavísindasviðs HÍ. Tilgangurinn er að draga saman það helsta sem gerst hefur undanfarna viku og veita upplýsingar um þau verkefni sem verið er að vinna að safninu og samskipti við aðila utan safns. Alls voru sendir út 39 vikulokapistlar á árinu og er þeim jafnframt safnað á *Inngang*.

Samgöngusamningar

Samgöngusamningar voru kynntir 2014 í kjölfar nýrrar samgöngustefnu fyrir safnið. Markmiðið er að stuðla að því að starfsfólk noti vistvænan, hagkvæman og heilsusamlegan ferðamáta. Framlag safnsins vegna samgöngusamninga nam 25.000 kr. til starfsmanns frá og með 1. jan. 2018.

Húsnaði og rými

Um áramót var tekin upp ný uppröðun í Íslandssafni og safnkosti raðað eftir stærð í aðfangaröð. Með því er auðveldara að halda utan um hve mikið hillupláss þarf ár hvert og áætla hversu mikið pláss þarf til framtíðar. Ekki er átt við eldri safnkostinn, hann verður áfram í sínum deildum, en þétt verður í hillum þannig að hvergi verði auð pláss.

Þá var unnið að endurskipulagningu efnis í kjallara, endurröðun og grisjun. Eintök 4.h, af efni frá Ríkisútgáfu námsbóka voru færð í Mjódd, en afar lítið er sótt í þetta efni. Einnig var gengið betur frá efninu en áður, því raðað vandlega og aukaeintökum fargað. Við þetta losnaði heilmikið pláss í kjallara, sem verður nýtt undir annað efni. Þá hefur starfsfólk útlána einnig grisjað talsvert af gömlu erlendu efni sem til er í mörgum eintökum á 4. h.

Skipt var út nokkrum einingum í afgreiðslu mötuneytis á 1.h., og ýmis tæki voru endurnýjuð.

Öryggismál og tölvukerfi

Safnið notar netöryggissíuna Forcepoint til að koma í veg fyrir óæskilega umferð eða innbrot í kerfi safnsins, auk eftirlitskerfisins Spiceworks, sem fylgist með ástandi tölvukerfisins. Þá er notaður eldveggurinn Firewall Analyzer frá Cisco, til að fylgjast með umferðinni, Trend Micro vírusvörn o.fl. Þess er gætt að uppfæra þessi tól reglulega í nýjustu útgáfur. Sífellt stærri hluti af tölvurekstrinum er í sýndarumhverfi og fylgjast þarf vel með því til að gæta fyllsta öryggis. Öryggismyndavélum eru 39 og gögnin úr þeim eru varðveisitt í ákveðinn tíma í sérstakri aðgangsstýrðri gagnageymslu.

Gerður var þjónustusamningur við fyrirtækið Endor um hýsingu gagna (EC Storage lausn) og leigu á hýsingarplássi í vélasal í október. Fyrirtækið Origo kærði samninginn til Kærunefndar úboðsmála í nóvember og í desember sendi safnið andsvör til nefndarinnar.

Notendatölvur

Reiknistofnun HÍ hefur umsjón með notendatölvum og prenturum á 3. og 4.h. Aðeins notendur HÍ geta því skráð sig á vélarnar. Ef upp koma vandamál með vélar og/eða prentun sér Tölvubjónusta RHÍ um þjónustu líkt og gert er í öðrum tölvuverum á háskólasvæðinu. Á 4.h, við hlið tón- og myndsafns er sérstök tölvuaðstaða fyrir nema úr öðrum skólum en HÍ og aðra gesti. Í þeim vélum er aðgengi að helstu forritum til ritvinnslu, en án internettenginga. Netið er aðgengilegt í tölvum á 2.h. og einnig geta allir tengst Internetinu í gegnum WiFi.

Öryggisnefnd

Rannver H. Hannesson og Sigríður Bjarnadóttir eru fulltrúar starfsfólks í öryggisnefnd sbr. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Af hálfu safnsins sitja Edda G. Björgvinsdóttir og Ólafur Guðnason í nefndinni.

Fulltrúi Vinnueftirlits ríkisins kom í heimsókn í safnið í mars og sendi í framhaldi athugsemdir sem unnið var úr. M.a. voru endurnýjaðir stólar í þjónustuborði, gerðar mælingar á loftgæðum, settar upp viftur, ýmsir þættir í félagslegum aðbúnaði skoðaðir, auk þess sem áætlun um öryggi og heilbrigði var í vinnslu í lok árs.

Starfsmannafundir

Tveir almennir starfsmannafundir voru haldnir á árinu. Þann 26. apríl var fjallað um þjónustukönnun um mötuneytið, kosnir fulltrúar starfsfólks í örygginefnd,

myndasafnið Fotoweb kynnt, sagt frá framvindu afmælisverkefna og dagskrá starfsmannaferðar - starfsdags 24. maí kynnt.

Seinni fundurinn var haldinn 27. sept. og þar var farið yfir framvindu afmælisverkefna, sagt frá nýju starfsmati vegna jafnlaunavottunar og nýjungar í mötuneyti og *Grænum skrefum* kynntar.

Mötuneyti

Cesar veitingar undir stjórn Ægis Finnbogasonar sáu um rekstur mötuneytis fyrir starfsmenn og kaffistofu á 2.h. og sáu einnig um veitingar á fundum og móttökum á vegum safnsins.

Starfsmannafélagið Hlöðver

Í stjórn Hlöðvers sátu:

Gunnar Marel Hinriksson, formaður,
Guðrún Sigurlaug Sigurðardóttir, ritari,
Jóhann Heiðar Árnason,
Oddfríður Steinunn Helgadóttir, gjaldkeri,
Rakel Adolphsdóttir
Andrea Dan Árnadóttir, varamaður
Sólveig Lind Ásgeirs dóttir, varamaður.

Félagið stóð fyrir ýmsum uppákomum á árinu m.a. nýársfagnaði, staffakaffi, ferð í kvikmyndahús, skreytingadegi, jólagetraun um bókatitla og upplestri í desember.



Samskipti við Háskóla Íslands

Samstarfssamningur og samstarfsnefnd

Samstarfssamningur Háskóla Íslands og safnsins er frá 2015. Enn er ólokið gerð fylgiskjals um Skemmu og rafræn skil lokaverkefna. Í nefndinni voru af hálfu Hí Halldór Jónsson sviðsstjóri Vísinda- og nýsköpunarsviðs og Jenný Bára Jensdóttir fjármálastjóri. Frá safninu voru Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Guðrún Tryggvadóttir sviðsstjóri þjónustusviðs. Nefndin fjallaði um Turnitin ritstuldarvörnina, skil í Skemmu, útboð fyrir CRIS kerfi, erlent samstarf um OA s.s. Liber og Aurora Universities Network sem Hí tekur þátt í. Þá var rætt um að fá í nefndina fulltrúa frá kennslusviði Hí.

Háskólaping

Háskólaping kom tvisvar saman á árinu. Þann 13. apríl voru þrír fulltrúar háskólasamfélagsins tilnefndir í háskólaráð, drög að gæðastefnu fyrir Hí kynnt og rætt um endurskoðun matskerfis opinberu háskólanna. Þann 7. nóv. voru kynntar helstu niðurstöður könnunar á viðhorfum akademískra starfsmanna til matskerfis opinberu háskólanna og fjallað um skipulagsmál háskólasvæðisins.

Skemman – lokaverkefni

Allir háskólarnir taka þátt í rekstri Skemmunnar og í verkefnisstjórn sitja fulltrúar þeirra og Lbs-Hbs. Fulltrúar safnsins voru Guðrún Tryggvadóttir og Kristinn Sigurðsson. Á síðasta ári var gerð stór uppfærsla á *skemman.is* og nýjasta útgáfa af DSpace tekin í notkun. Vefurinn er nú með OpenAIRE stuðning, auk þess sem skil á efni eru einfaldari. Unnið var að skilum Skemmu til Þjóðskjalasafns. Reksturinn var með hefðbundnum hætti. Áhersla er lögð á að efnið sé í opnum aðgangi.

Hí þarf að endurskoða reglur um skil lokaritgerða, en skil eru að mestu leyti orðin rafræn. Skemman er meðal vinsælustu vefja safnsins og eykst notkun á milli ára.

Opin vísindi – birtingar í opnum aðgangi (OA)

Varðveislusafnið *opinvisindi.is* var formlega opnað 2017. Verkefnisstjórn hittist tvívar á árinu, en fulltrúar safnsins eru Sigurgeir Finnsson og Kristinn Sigurðsson. Á fyrri fundinum var fjallað um kostnaðardreifingu, úlit og uppsetningu vefjarins, ritstjórnarstefnur háskólanna varðandi opinn aðgang og nauðsyn þess að Ísland marki sér stefnu um opinn aðgang. Á seinni fundinum var áfram fjallað um kostnaðardreifingu og samninga, lýsigögn og og Almetrics auk varðveislu gagnasetta með rannsóknagögnum frá hverjum skóla. Opin vísindi er stafrænt varðveislusafn fyrir vísindagreinar og efni sem birtist í opnum aðgangi á vegum íslenskra háskóla og Lbs-Hbs. Ætlunin er að rannsóknastofnanir geti einnig tengst safninu. Efnið er í opnum aðgangi í samræmi við kröfur innlendra og erlendra rannsóknasjóða og einnig 10. gr. laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir. Safnið er liður í að efla opinn aðgang, styðja rannsóknir og tryggja útbreiðslu þeirra. Ekki tókst að ljúka gerð samstarfssamnings um reksturinn á árinu.

Turnitin ritstuldarvörnini

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól safninu að hafa umsjón með samningum og rekstri Turnitin ritstuldavarinnar árið 2017 og gengið var frá þriggja ára samningi (2018-2020) fyrir alla háskóla og framhaldsskóla á landinu um innleiðingu og notkun kerfisins. Ráðuneytið lítur á notkun Turnitin sem gæðamál og leggur fram miðlæga greiðslu, en í lok samningstímans verður verkefnið

endurskoðað. Safnið heldur utan um samninga, skipulag verkefnisins og fræðslu. Hilma Gunnarsdóttir er umsjónarmaður verkefnisins, en Sigurbjörg Jóhannesdóttir í HÍ fer með kerfisumsjón. Hver skóli tilnefnir síðan umsjónarmann. Reynt var að kynna verkefnið sem best og starfsfólk frá Turnitin hélt fræðslufundi fyrir umsjónarmenn bæði á vor- og haustönn. Allir háskólarnir taka þátt og af 38 skólum sem bjóða upp á nám á framhaldsskólastigi, höfðu 28 óskað eftir þátttöku í Turnitin í lok árs.

Ritver Háskóla Íslands

Samstarf við Ritver Hugvísinda- og Menntavísindasviðs hélt áfram og eru þau með aðstöðu og sinna ráðgjöf á 2.h. Verkefnavaka

var haldin í Þjóðarbókhlöðu 22. mars, í samstarfi náms- og starfsráðgjafar HÍ, ritveranna og bókasafna skólans. Gefin var út sérstakur Áttaviti af þessu tilefni og kynningum sem halðnar voru í fyrirlestrasal var streymt

EUA könnun

Að beiðni HÍ, tók safnið þátt í könnun árið 2016 á vegum vegum European University Association (EUA) um kaup á gagnapökkum og um samlög. Tilgangurinn var að fá yfirlit um samninga við útgefendur í Evrópu og greina tækifæri til að bæta stöðu háskóla við samningagerð. Gefin var út skýrsla um niðurstöðurnar. Önnur könnun var gerð 2018 og sá Birgir Björnsson umsjónarmaður Landsaðgangs um að svara henni. Talsvert samstarf var meðal þeirra sem tóku þátt en safnið hafði ekki tök á að senda fulltrúa á fundi erlendis.



Innlent samstarf

Stjórnendur Háskólabókasafna

Stjórnendur háskólabókasafna héldu tvo fundi. Sá fyrri var haldinn 23. jan. í Heilbrigðisvínsinda-bókasafni Landspítala og HÍ. Meðal umræðuefna var samningur um Turnitin, útboð vegna CRIS-kerfis, *openaccess.is*, OpenAIRE Advance, og vinnuhópur um upplýsingalæsi. Síðari fundurinn var 18. sept. í Lbs-Hbs. Þar var m.a. rætt um erindi til mennta- og menningarmálaráðherra um stefnumótun vegna opins aðgangs fyrir Ísland, cOAlitionS yfirlýsinguna um birtingu í opnum aðgangi, Open access vikuna í október, fréttir af ráðstefnum sumarsins, Turnitin, vinnuhópur um upplýsingalæsi, Fjöllís samning, CRIS kerfið og undirbúningsvinnu vegna útboðs nýs bókasafnskerfis. Þá áttu áttu stjórnendur háskólabókasafna og Félag rannsóknastjóra fund 7. des. þar sem rætt var um hagsmuni Íslands á sviði opins aðgangs og hvernig hóparnir geti unnið saman.

Landskerfi bókasafna

Landskerfi bókasafna hf hefur starfað frá 2001 og er hlutafélag í eigu ríkisins og sveitarfélaga. Hluthafar eru um 60. Félagið rekur bókasafnskerfið Gegni, menningargagnasafnið Sarp, Rafbókasafnið og leitarvélina Leitir. Landsbókvörður fer með hlut ríkisins í stjórn fyrirtækisins. Stjórn var óbreytt á árinu, Árni Sigurjónsson formaður, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, Karl Guðmundsson og Pálína Magnúsdóttir. Framkvæmdastjóri er Sveinbjörg Sveinsdóttir, en aðrir starfsmenn voru áttá í lok árs. Rekstur fyrirtækisins gengur mjög vel og er mikil lyftistöng fyrir starfsemi bóka- og minjasafna.

Í árslok voru um 1.25 millj. titla skráðir í Gegni og fjöldi eintaka var um 5.96 milljónir. Útlán á árinu voru rúmlega 3 milljónir og lánþegar um 175 þúsund í árslok. Heildarfjöldi færslna í

Leitir voru um 3 milljónir í árslok og koma þær m.a. frá Gegni, Sarpi, Skemmunni, Hirslunni, Ljósmyndasöfnum Reykjavíkur og Akraness, og Rafbókasafninu. Hluti gagnanna er í rafrænum aðgangi og eykst slíkt efni með hverju ári. Starfsfólk safnsins tekur mikinn þátt í þróun og uppfærslum kerfanna og kennslu á námskeiðum á vegum Landskerfis. Meðal verkefna á árinu var þátttaka í útboðsferli vegna nýs bókasafnskerfis.

Skráningarráð og efnisorðaráð

Fulltrúi safnsins í skráningarráði var Helga Kristín Gunnarsdóttir og Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir gæðastjóri Gegnis sat fundi. Aðrir í ráðinu voru Ás-laug Þorfinnsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir, formaður og Þóra Sigurbjörnsdóttir, auk Sigrúnar Hauksdóttur frá Landskerfi. Í efnisorðaráði sátu Ragna Steinarsdóttir formaður, af hálfu safnsins, Guðný Ragnarsdóttir og Þórdís T. Þórarinssdóttir. Lbs-Hbs sér um alla efnisorðavinu í Gegni og heldur úti *Lykilskrá* þar sem eru um 11.500 efnisorð og 80.200 mannanöfn eða nafnmyndir, sem unnin hafa verið samkvæmt stöðlum.

HASK - Handbók skrásetjara Gegnis

Handbók skrásetjara Gegnis, sem starfsfólk Lbs-Hbs sér um, er uppfærð reglulega, en settar eru inn breytingar vegna innleiðingu RDA skráningarreglnanna. Í ritstjórn eru Hallfríður Kristjánsdóttir, Rósfríður Sigvaldadóttir, Sóley Hjartardóttir og Svava Björnsdóttir. Umferð um vefinn er talin eins og á öðrum vefjum safnsins.

Primo Central Index (PCI) og bX ábendingar

Meginhluti þess rafræna efnis sem Lbs-Hbs og fleiri aðilar kaupa aðgang að, er aðgengilegt í Gegni og Leitum í gegnum PCI. Þó standa enn nokkur gagnasöfn út af og m.a. var ekki aðgangur að efni EBSCO í gegnum PCI. Ábendingaþjónustan bX hjálpar notendum að finna skyld efni í PCI.

SFX krækjukerfið

SFX er tengla- eða krækjukerfi sem tengir saman bókfræðiupplýsingar og efni í rafrænum aðgangi, í gegnum Primo Central Index. Upplýsingar um áskriftir í Landsaðgangi eru í kerfinu, auk upplýsinga um séráskriftir háskóla. Engar breytingar urðu 2018.

Tölfræði í Gegni

Boðið er upp á mánaðarlega tölfræði, árslokatölfræði og topplánalista úr Gegni. Allar lánþegaskýrslur eru kyngreindar. Hægt er að sjá hvaða bækur eru vinsælastar eftir safnategundum og landshlutum. Þá er einnig hægt að fá tölfræði brotna niður á einstök söfn. Tölfræðin er m.a. nýtt í ársskýrslu Lbs-Hbs.

VIAF (Virtual International Authority File)

Landskerfi og Lbs-Hbs taka þátt í VIAF samstarfinu á vegum OCLC. Í VIAF eru margskonar nafnmyndaskrár sameinaðar. Tilgangurinn er að auka gagnsemi þeirra og auðvelda skráningarvinnu. Færslurnar fá alþjóðlegt auðkenni (kennitölu og permalink) og nýtast sem tengd opin gögn við leit.

Rafbókasafnið

Rafbókasafnið opnaði 30. jan. 2017 sem samstarfsverkefni Landskerfis bókasafna og Borgarbókasafns Reykjavíkur. Landskerfi sér um tæknilega þáttinn, en Borgarbókasafn velur og kaupir efnið. Í safninu eru bæði rafbækur og hljóðbækur og eru þær flestar á ensku, en samningar við íslenska útgefendur standa yfir. Efnið miðast við bókkost almenningsbókasafna og í lok ársins höfðu flest almenningsbókasöfn á landinu bæst í hópinn og kaupa og lána út sínar rafbækur. Samningaumleitanir við íslenska útgefendur hafa ekki borið árangur.

Úboð fyrir nýtt bókasafnskerfi

Á síðasta ári hófst undirbúnin fyrir útboð á nýju bókasafnskerfi í stað Aleph. Fimm kerfisframleiðendur sendu inn svör við forauglýsingu sem birt var á evrópska útboðsvefnum í upphafi árs og auglýsing um útboð var birt 26. mars. Tvö gild tilboð bárust, Innovative Interfaces Global Ltd. bauð bókasafnskerfið Sierra 4.0 og Ex Libris bauð bókasafnskerfið Alma. Í lok árs var tilboði Innovative Interfaces tekið.

Sarpur – menningarsögulegt gagnasafn

þjónustusamningur Landskerfis bókasafna og Rekstrarfélags Sarps gildir til 1. sept. 2019. Landskerfi sér um daglegan rekstur félagsins og á árinu varð starfsmaður Sarps formlega starfsmaður þess. Núverandi útgáfa, Sarpur 3.0 var smíðuð í samvinnu við Þekkingu hf. Í Sarpi eru upplýsingar um listaverk, muni, myndir, fornleifar, hús, þjóðhætti, örnefnalýsingar o.fl. sem eru einnig aðgengilegar í [leitir.is](#). Árið 2018 voru upplýsingar frá 56 söfnum og stofnunum um 1.3 millj. gripa.

Alefli

Alefli er samstarfsverettvangur bókasafna sem eru aðilar að Gegni og njóta þjónustu Landskerfis, en þau eru um 300. Starfsemin byggist á skiptingu í safnategundir, sem velja í fulltrúaráð, sem síðan kýs stjórn. Helga Kristín Gunnarsdóttir sat í ráðinu fyrir hönd safnsins, og Anna María Sverrisdóttir til vara. Vefurinn [alefli.is](#) er hýstur hjá Lbs-Hbs.

Notendaráðstefna Aleflis

Notendaráðstefna Aleflis 2018 var haldin í Bókasafni Kópavogs 30. maí. Á fundinum voru tilboð vegna nýs bókasafnskerfis kynnt, Jóhanna Brinton frá Rakuten Overdrive kynnti starfsemi þess og Rafbókasafnið, og Þóra Gylfadóttir og Geir Jón Karlsson kynntu nýtt útlit [leitir.is](#).

Samlag um áskrift að Vef-Dewey

Lbs-Hbs heldur utan um samlagsáskrift á landsvísu að vefútgáfu Dewey flokkunar-kerfisins og úthlutar aðgangsorðum. Fimmtán söfn eru í samlaginu. Áskrift að Vef-Dewey stuðlar að samræmi í flokkun og stöðugu aðgengi að nýjustu uppfærslu kerfisins. Áskriftin er gæðamál og hefur jákvæð áhrif á samræmingu og þróun starfsháttar bókasafna hér á landi. Lbs-Hbs er aðili að Evrópusamtökum Dewey-notenda EDUG (European Dewey User Group).

Upplýsing

Starfsfólk safnsins gegnir að jafnaði einhverjum trúnaðarstöðum fyrir Upplýsingu. Árið 2018 var Jóhann Heiðar Árnason kosinn formaður félagsins og Oddfríður Steinunn Helgadóttir meðstjórnandi.

Bókasafnið

42. árgangur tímaritsins *Bókasafnið* kom út í júlí. Ritstjóri var Sveinn Ólafsson. Nokkrir starfsmenn safnsins áttu greinar í blaðinu, sjá nánar á bls. 11.

Bókasafnsdagurinn

Bókasafnsdagurinn var haldinn 7. sept. undir yfirskriftinni *Lestur er bestur – fyrir vísindin!* Dagurinn hófst með morgunkorni Upplýsingar í fyrirlestarsal Lbs-Hbs. Jóhann Heiðar Árnason, formaður Upplýsingar opnaði dagskrána, en Guðbjörg Linda Rafnsdóttir prófessor og aðstoðarrektor vísinda við HÍ ræddi um mikilvægi bókasafna í þágu vísinda.

Í Lbs-Hbs var sett upp hið vinsæla gjafaborð og í salnum var dagskrá sem hófst kl. 13. Jón Gunnar Þorsteinsson ritstjóri Vísindavefsins rakti sögu hans, og rithöfundarnir Þórdís Gísladóttir, Hildur Knútsdóttir og Eva Kamilla Einarsdóttir lásu úr skáldsögum sínum. Boðið var upp á kökur og kaffi í eftirmiðdaginn í mötuneyti. Þá var heilsíðu viðtal við Kristjönu Mjöll Hjörvar, fráfarandi formann Upplýsingar í Fréttablaðinu þann 7. sept.

Námsbraut í upplýsingafræði

Nám í bókasafns- og upplýsingafræði er nú eingöngu á meistarastigi og námsbrautin nefnist Upplýsingafræði. Hallfríður Kristjánsdóttir og Magný Rós Sigurðardóttir kenndu *Bókfræðilega skráningu og lýsigögn* og *Skipulagningu bekkingar*, auk þess sem nokkrir starfsmenn komu inn í einstaka tíma. Starfsfólk kom að kennslu í öðrum námskeiðum, m.a. Ragna Steinarsdóttir, Birgir Björnsson, Erlendur Már Antonsson og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.

Bókasafnaráð

Bókasafnaráði var komið á fót með bókasafnalögum nr. 150/2012. Skipað var í nýtt

bókasafnaráð í september 2017 til fjögurra ára en ráðið skal vinna að stefnumörkun, setja reglur um söfnun og vinnslu tölfræðilegra upplýsinga um bókasöfn á Íslandi, setja bókasafnasjóði úthlutunarreglur, veita umsagnir um styrkumsóknir í bókasafnasjóð. Formaður ráðsins var skipuð Þórgunnur Vigfúsdóttir, skólastjóri á Húsavík, en aðrir fulltrúar eru Sigrún Blöndal, Óskar Guðjónsson, Viggó Gíslason og Siggerður Ólöf Sigurðardóttir. Landsbókavörður og forstöðumaður Hljóðbókasafns sitja einnig fundi ráðsins. Á fjárlögum 2018 var ekki gert ráð fyrir framlagi til sjóðsins, formaðurinn sagði af sér og ráðið hittist ekki á árinu.

Landsnefnd um Minni heimsins

Landsnefnd um Minni heimsins hefur það hlutverk að kynna verkefnið um Minni heimsins á Íslandi og velja mikilvæg gögn á sérstaka landsskrá og senda umsóknir um skráningu á heimsskrá Minni heimsins hjá UNESCO. Formaður nefndarinnar er Guðrún Nordal forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar og aðrir í nefndinni eru Eiríkur Guðmundsson þjóðskjalavörður, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Bjarki Sveinbjörnsson forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands. Engin starfsemi var hjá landsnefndinni á árinu.

Sjónarhorn í Safnahúsinu

Sýningin *Sjónarhorn* var opnuð í apríl 2015 í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Sýningarstjóri var Markús Þór Andrésson, en með honum störfuð verkefnisstjórn og sýningarstjórn með fulltrúum frá þeim menningarstofnum sem tóku þátt í verkefninu. Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður er formaður verkefnisstjórnar og aðrir í nefndinni voru Guðrún Nordal frá Stofnun Árna Magnússonar, Harpa Þórssdóttir frá Listasafni Íslands, Hilmar J. Malmquist frá Náttúrumínjasafni Íslands, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður. Fulltrúi safnsins í sýningarstjórn var Ólafur J. Engilbertsson. Verkefnisstjórn og sýningarstjórn hafa starfað áfram, en söfnin hafa skipst á að vera með sýningu á kjörgrip og sérsýningu. Í tilefni af 200 ára afmæli safnsins var Lbs-Hbs með báðar

sýningarnar á árinu og voru þær opnaðar 7. júní. Það voru *Bókverk : frá skapandi prenti til útgáfu listamanna* og *Kveisustrengur : Lbs fragment 14.* Bókverkasýningin er einnig hluti af Listahátið árið 2018. Sýningarástjórn bókverkasýningarinnar var í höndum Unnars Arnar Auðarsonar og Ólafs J. Engilbertssonar og um undirbúning verka sáu Jökull Sævarsson og Rannver H. Hannesson. Ólafur hannaði einnig kveisustrengs-sýninguna og Gunnar Marel Hinriksson sá um texta. Við opnunina fluttu erindi Vigdís Jakobsdóttir stjórnandi Listahátiðar, Unnar Örn og Gunnar Marel.

Handbók um varðveislu safnkosts

Lbs-Hbs tekur þátt í þýðingu og staðfæringu *Handbókar um varðveislu safnkosts* ásamt Þjóðminjasafni og Þjóðskjalasafni. Bókin er gefin út rafrænt á vef Þjóðminjasafnsins. Smám saman er nýjum köflum bætt við, en handbókin er ætluð þeim sem starfa við varðveislu menningararfsins. Rannver H. Hannesson forvörður hefur tekið þátt í samstarfinu af hálfu Lbs-Hbs en ritstjóri er Nathalie Jacqueminet frá Þjóðminjasafni. Á degi forvörlunnar 15. mars var fagnað útgáfu 2. b. en í henni er m.a. ítarlegur kafli um varðveislu pappírs eftir Rannver.

Leikminjasafn Íslands

Þann 5. okt. 2015 var gerður samstarfssamningur við Leikminjasafn Íslands um skráningu, miðlun og varðveislu bóka, leikhandrita, leikskráa og skjala í eigu Leikminjasafns Íslands. Í kjölfarið var óskað eftir tilnefningum frá Lbs-Hbs í fulltrúaráð LÍ. Tilnefnd voru Ólafur J. Engilbertsson og Rakel Adolphsdóttir til vara. Margrét Gunnarsdóttir vann í 60% starfi í handritasafni við flokkun og skráningu skjala frá Leikminjasafni. Síðari hluta árs var einnig unnið að því í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að Lbs-Hbs og Þjóðminjasafn tækju við safnkosti og eigum Leikminjasafns Íslands. Samkomulag milli aðila var nánast tilbúið í árslok.

Alþjóðlegi sumarskólinn

Alþjóðlegi sumarskólinn í handritafræðum var haldinn 1.-10. ágúst í Reykjavík. Að skólanum standa Árnastofnanir í Kaupmannahöfn og Reykjavík, Háskóli Íslands auk Lbs-Hbs.



Erlent samstarf

Safnið tekur þátt í margskonar erlendu samstarfi og verkefnum. Mikið af því breytist lítið á milli ára, en helstu fréttir eru:

NORON

Norrænir lands- og ríkisbókaverðir, hittast reglulega og hafa með sér óformlegt samráð. Hópurinn hittist ekki formlega, en samstarfið fór fram í tölvupósti og í gegnum CENL.

CENL

Árlegur fundur evrópskra landsbókavarða, CENL (Conference of European National Librarians) var haldinn hátíðarsal Háskóla Íslands dagana 4.-5. júní. Fundurinn er aðalfundur samtakanna, en einnig voru haldnar kynningar á því sem er ofarlega á baugi í starfsemi þjóðbókasafna. Meðal fyrirlesara voru Guy Berthiaume yfirmaður Library and Archives Canada og Ilona Kish frá Evrópuverkefninu *Public Libraries 2020*. Rætt var um húsnæði, skylduskil og söfnun vefsíðona og rannsóknir. Þann 3. júní fór hópurinn í ferð til Þingvalla og kom við í Gljúfrasteini. Öll skipulagning varðandi fundinn gekk upp og meðlimir vinnuhóps stóðu sig vel, auk stjórnar safnsins og framkvæmdaráðs, sem tóku þátt í sameiginlegum kvöldverði. Dagskráin endaði á skoðunarferð um Þjóðarbókhlöðuna.

Evrópuverkefni

Safnið tók þátt í nokkrum verkefnum sem rekin eru í tengslum við CENL, eða falla undir COST áætlun Evrópusambandsins (European Co-operation in Science and Technology).

Europeana

Europeana, er fjölmenningargátt á vefnum europeana.eu, sem veitir aðgang að fjölbreyttu efni bókasafna, skjalasafna og minjasafna í stafrænni endurgerð. Verkefnið hófst 2007 og nú eru um 54 milljón einingar aðgengilegar í

gáttinni. Rekstri Europeana er stýrt af Europeana Foundation. Um 1500 stofnanir eiga efnið og er Europeana Network notendafélag eða samstarfsvettvangur þeirra, auk þess að eiga fulltrúa í stjórn Europeana Foundation. Lbs-Hbs er aðili að netinu og hafa Kristinn Sigurðsson og Örn Hrafinkelsson verið tengiliðir og sótt ráðstefnur og fundi. Europeana hefur opnað lýsigögnum fyrir um 20 milljónir stafrænna eininga til frjálsra afnota og eru þau aðgengileg undir Creative Commons Zero (CC0) leyfinu. Safnið undirritaði 2016 samning um gagnaskipti við Europeana (Europeana Data Exchange Agreement) til að gera stafræn gögn safnsins aðgengileg skv. reglum Europeana (Europeana Data Model and Metadata Specifications). Í Europeana er einnig íslenskt efni frá Minjastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Republic of Letters 1500-1800 - COST

Safnið hefur tekið þátt í samstarfsnetinu *Republic of Letters 1500-1800* frá 2014, en það er innan COST áætlunar Evrópusambandsins. Íslenskur samstarfsaðili er Hugvísindasvið Há en Rannís tilnefnir fulltrúa í stjórn verkefnisins. Markmiðið er að greina upplýsingar um bréfaskipti fræðimanna í Evrópu á tímabilinu 1500-1800, koma á þverfaglegu samstarfi og koma afurðum á framfæri við almenning. Tæknilegt markmið er þróun staðals um skráningu, lýsingu og birtingu bréfa frá þessu tímabili. Verkefninu lauk í árslok.

IFLA þing

84. IFLA-þingið var haldið Kuala Lumpur í Malasíu dagana 24.-30. ágúst undir yfirskriftinni *Transform Libraries, Transform Societies*. Enginn sótti ráðstefnuna frá Íslandi.

CDNL

Árlegur fundur landsbókavarða, CDNL (Conference of Directors of National Libraries) var haldinn í Balairung Seri safninu í Kuala Lumpur þar var m.a. fjallað um Heimsmarkmið S.p. og

hvernig bókasöfn geti stuðlað að því að þeim verði náð, en einnig framtíðarsýn CDNL, stafræn vísindi og þjónustu landsbókasafna.

IIPC

Lbs-Hbs er stofnfélagi í IIPC (International Internet Preservation Consortium) en samtökin hafa það markmið að skilgreina það sem þarf til að varðveita vefsíður þannig að vitrænt og menningarlegt innihald Netsins fari ekki forgörðum. Aðalfundur var haldinn á Nýja Sjálandi 12.-15. nóv. og hann sótti Kristinn Sigurðsson, sem er í stjórn IIPC og stýrir s.k. *Tools Development Portfolio*. Hópurinn sér um þróun á hugbúnaði fyrir vefsöfnun. 40 söfn eru aðilar.

Warc staðallinn

WARC skráarsniðið er notað til að geyma gögn sem verða til við vefsöfnun. Kristinn Sigurðsson hefur tekið þátt í vinnu vegna þessa af hálfu Lbs-Hbs um árabil, en staðallinn nefnist WARC 1.1 eða ISO 28500:2017.

NNG

NNG (Nordic Networking Group on Bibliographic and Infrastructure topics) fundaði í Helsinki 4.-5. maí og sótti Ragna Steinarsdóttir fundinn. Fjallað var um stöðuna í hverju landi, ný bókasafnskerfi, Bibframe, tengd opin gögn, RDA og skráningu á sértæku efni.

EDUG

Ársfundur og ráðstefna EDUG – Evrópusamtaka Dewey -notenda (European Dewey User Group) var haldinn í Sviss í apríl. Samtökin gæta hagsmunu evrópskra safna gagnvart Dewey kerfinu og vinna að þýðingum. Tengiliður er Rósfríður Sigvaldadóttir.

EURIG

Árið 2017 var undirritaður samningur um þátttöku safnsins í Eurig (European RDA Interest Group). Eurig eru samtök hagsmunaaðila sem nota RDA reglurnar í Evrópu. Flestir þáttakendur eru stofnanir eða söfn sem

hýsa þjóðbókaskráningu og aðrir sem nota RDA. Fundað var í Ballerup í Danmörku. Tengiliður er Ragna Steinarsdóttir, en Hallfríður Kristjánsdóttir situr í ritnefnd Eurig.

Bibframe

Bibframe er nýtt skráningarsnið sem líklegt er til að leysa MARC-sniðið af hólmi. Óljóst er hvernig Bibframe og RDA-skráningarreglurnar vinna saman. Einnig er óljóst hver á að breyta gögnum á Bibframe-snið. Sum bókasöfn gera það sjálf og setja tengla í markfærslur. Önnur eru með RDF-framsetningu á sínum gögnum sem tengd gögn, og nokkur fyrirtæki taka að sér þessa vinnu gegn gjaldi s.s. Zephira og Casalini Libri. Fylgst var með þróun mála á árinu

VIAF

Árið 2017 var skrifuðu Lbs-Hbs og Landskerfi bókasafna undir samning við VIAF (Virtual International Authority File), sem er sam-eiginleg nafnmyndaskrá flestra þjóðbókasafna Evrópu og N-Ameríku. Söfnin leggja til nafnmyndir sínar fyrir persónur, skipulagsheildir, landfræðiheiti og hugverk, en OCLC tengir þær saman í klasa. Aðildarsöfn geta síðan flutt nafnmyndir annarra í eigin nafnmyndaskrár. Lbs-Hbs ber ábyrgð á þeim bókfræðilegu lýsigögnum sem lögð eru inn, en Landskerfi sér um tæknilega úrvinnslu. Í febrúar voru bókfræði- og nafnmyndagögn Gumnis gerð aðgengileg í VIAF á sérstakri vefslóð. Sérfræðingar á vegum VIAF sóttu gögnin og hófu úrvinnslu á þeim. Þau voru síðan prófuð en leiðréttu þarf eitt og annað. Margt forvitnilegt kom í ljós, t.d. tenging ólíkra hluta með *Linked Open Data*. Tengiliður er Ragna Steinarsdóttir.

CLARIN

2017 var haldin vinnustofa í HÍ um evrópska innviðinn CLARIN, aðild Íslands og þátttöku íslenskra stofnana í samstarfshópi um aðildina. Landsbókavörður og Órn Hrafnkelsson tóku þátt í fundinum. Á árinu var fjármagni veitt til kosta þátttöku Íslands í Clarin-samstarfshópi og unnið var að undirbúnungi þess.

Samningar

- 10.01.2018 Samningur við Veðurstofu Íslands um stafræna endurgerð *Veðráttunnar* 1998-2006.
- 10.01.2018 Samningur við Bókasafn Vestmannaeyja um stafræna endurgerð *Skátablaðsins Faxa* 1967-2017.
- 15.03.2018 Samningur við Jöklarannsóknarfélag Íslands um stafræna endurgerð *Jökuls* 1951-2017.
- 15.03.2018 Samningur við Fornleifastofnun Íslands um stafræna endurgerð *Archaeologia Islandica* 1998-2015.
- 04.04.2018 Endurnýjun samnings við International Standard Book Number skráningarskrifstofuna, ISBN Contrac.
- 07.05.2018 Samningur við Hið íslenska bókmenntafélag um stafræna endurgerð *Skírnis* 1941-2017.
- 09.07.2018 Yfirlýsing STEFs til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns um aðgengi að hljóðbútum höfundaréttarvarins tónlistarefnis á vefnum *hljodsafn.is*.
- 14.08.2018 Endurnýjun samnings við International Standard Serial Number skráningarskrifstofuna, ISSN Amendment Agreement.
- 26.09.2018 Stofnanasamningur Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns við SFR – stéttarfélag í almannabjónustu.
- 26.09.2018 Stofnanasamningur Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns við Félag háskólakennara.
- 12.10.2018 Þjónustusamningur við Endor : þjónustustigssamningur um gagnahýsingu (EC-Storage).
- 12.10.2018 Þjónustusamningur við Endor : þjónustustigssamningur um um hýsingu í vélasal.
- 04.11.2018 Samþykkt stjórnar Félags textahöfunda og tónskálda um birtingu mynda af plötu- og diskaumslögum á vefnum *hljodsafn.is*.
- 17.11.2018 Samningur Breiðfirðingafélagið um stafræna endurgerð *Breiðfirðings* 1942-2018.
- 18.12.2018 Samningur við Víkurfréttir ehf um stafræna endurgerð *Víkurfréttta* 1980-2018.

Gagnagrunnar á háskólaneti:


- 20.03.2018 Samningur við Universitetsforlaget í Oslo: Agreement on access to *Idunn*.
Sage: *Sage Research Methods*.
Cambridge University Press: *Cambridge Core*, *Cambridge Companion*, *Cambridge Histories Online* – 36.000 titlar – EBA (Evidence Based Acquisition).
Oxford Scholarship Online – 10.000 titlar – EBA.
Springer: útgáfubækur síðustu þriggja ára – 4.900 titlar – EBA.
Taylor&Francis: *Routledge* – 600 titlar – EBA.
Harvard University Press: *Loeb Classical Library* – 550 titlar - keypt til eignar.

Landsaðgangur:

- 30.01.2018 Samningur við ProQuest 2018 til eins árs.
28.01.2019 Samningur við SpringerNature til tveggja ára.
09.03.2018 Samningur við Sage til eins árs.
29.11.2017 Samningur við Ebsco til eins árs

Þá framlengdust samningar við *Morgunblaðið* um eitt ár.

Skipurit



Skipurit 1. janúar 2018.



Rekstur og upplýsingatækni

Sviðið ber ábyrgð á allri innri þjónustu safnsins, þ.e. fjármálum, starfmannamálum, skjalastjórnum, upplýsingatækni, vefumsjón, rekstri húss og lóðar, sýningar- og kynningarmálum, auk samninga um rekstur mötuneytis og veitingastofu. Sviðsstjóri rekstrarsviðs er jafnframt fjármálastjóri safnsins. Í árslok störfuðu 13 á sviðinu, í 12,8 ársverkum, níu karlar og fjórar konur. Sviðsstjóri er Edda Guðrún Björgvinsdóttir.

Hússtjórnum

Hlutverk hússtjórnar er að sjá um viðhald og rekstur þjóðarbókhlöðunnar, hafa umsjón með kerfum og búnaði hússins, annast samskipti við þjónustuvektaka, vöktun, símvörslu og ýmsa þjónustu við starfsmenn. Einnig umsjón með húsakosti og búnaði í Mjódd og Reykholti.

Framkvæmdir

Stigahús 3 og 4 voru máluð að utan, auk jarðhæðar, anddyris og stoðveggja. Í fyrra hófust þrif á loftstokkum og var 3.h tekin tekin nú í áfanga 2 en verkið vann loftstokkahreinsunin K2 ehf.

Dælur fyrir rakataeki í stóru loftræsikerfunum fjórum eru farnar að gefa sig og skipt var um rakadælu í kerfi 1 og settur var nýr hraðabreytir um leið. Gerðar voru lagfæringer í loftinntaki fyrirlotræsikerfin, stokkar og gólfs þar máluð. Í öryggisskyni voru settar rúður úr öryggisgleri í tvær neðstu raðirnar í anddyri. Neyðaropnunarþúnaður fyrir flóttahurðir í stigahúsum var endurnýjaður. Í mötuneyti var skipt út innréttингum, sett var ný afgreiðslulína frá Kælitækni með kælum og hitaborði og nýju vinnuborði með áleggskælum. Þá var skipt um eldavél. Endurnýjað var gólfefni að hluta hjá vaktmönnum, í stað korks var sett epoxy efni. Þá var gert við skemmdir á gluggaáfellum í stigahúsi 2.

Ýmislegt

Að venju var farið yfir öryggiskerfi hússins á fyrsta vinnudegi ársins. Haldið var áfram að bólstra slitna stóla. Byrjað var á að endurnýja skrifborðsstóla starfsmanna, ákveðið var að skipta þeim út í áföngum. Sett var eftirlitsmyndavél sem tekur yfir bílaplan og svæðið framan við anddyri. Prentuð voru ný aðgangskort fyrir starfsmenn með nýju merki safnsins. Lenel aðgangskerfið var uppfært og settur kortalesari fyrir sérsöfn og skrifstofu sviðsstjóra Íslandssafns.

Þrif

Þrifin voru með sama hætti og undanfarin ár. Teppi þrifin ítarlega á sumarmánuðum og veggskildir og rúðugler að utan var þrifið í júní.

Lóð

Garðlist sá um slátt og klippingu trjáa og runna eins og undanfarin ár. Haldið var áfram að vinna við skrúð-garðinn austan við húsið.

Geymslur í Mjódd

Mikið efni hefur safnast upp í Mjódd og stefnir í ófremdarástand. Allt efni er þó á brettum eða í hillum, en þarfnað grisjunar.

Varaeintakasafn í Reykholti

Vinnuaðstaða starfsmanna var bætt og settar upp hillur á efstu hæð fyrir pakningar.

Reikningshald og skjalastjórн

Ársreikningur safnsins fyrir árið 2018 liggur fyrir og eru helstu tölur úr honum birtar í árstöllum safnsins og þar kemur einnig fram skipting rekstrargjalda (sjá töflur 6.2 og 6.3). Niðurstaðan er 46.8 millj. kr. rekstrarafgangur. Afkoman er mun betri en reiknað var með og er helsta skýring þess hagstæðara gengi vegna erlendra innkaupa og að sértekjur eru nokkru hærri en ráð var fyrir gert. Að auki tókst ekki að ljúka við nokkur verkefni vegna afmælisárs og fellur kostnaður vegna þeirra til á árinu 2019.

Skjalastjórн

Alls hafa 36 starfsmenn aðgang að GoPro.net skjalastjórñarkerfinu. Þáð er hýst hjá kerfisveitu Hugvits, og var fært í nýja útgáfu Gopro Foris 18.2 í byrjun árs. Haldin var kynning fyrir starfsfólk á nýja viðmótinu í febrúar. Stofnuð voru 190 mál í GoPro árið 2018. Þá var einnig unnið að frágangi eldri skjala í geymslu og skráningu í File Maker gagnagrunna. Ekki hefur verið skilað gögnum til Þjóðskjalasafns, en unnið að rafrænum skilum á gagnasafninu *skemman.is*.


Mannauður

Hlutverk mannauðsstjóra er að halda utan um öll málefni sem tengast starfsfólk.


Ársverk og kynjahlutföll

Í árslok störfuðu 79 starfsmenn hjá safninu í 72,13 ársverkum. Meðalaldur í árslok var 50,2 ár og hækkar örliðið á milli ára. Konur voru 47 og karlar 32.


Ársverk



Aldursdreifing



Kynjahlutfall



Starfsmannavelta

Tólf starfsmenn hættu störfum á árinu, þar af sex vegna tímabundinna ráðninga og þrír sökum aldurs. Eiginleg starfsmannavelta árið 2017 var 3,8%. Tólf starfsmenn hófu störf í safninu á árinu 2018, sex störf voru auglýst laus til umsóknar. Eitt starf kom með flutningi Tónlistarsafns Íslands til Lbs-Hbs. Einn starfsmaður var ráðinn í tímabundnar afleysingar á Aðfangasviði vegna forfalla. Þá voru ráðnir til safnsins fjórir námsmenn í hlutastörf á tímabundnum samningum.

Laust starf	Umsóknir	Karlar	Konur
Sérfræðingur - Íslandssafn	18	13	5
Upplýsingafræðingur - Þjónustusvið	19	7	12
Vefumsjón - Rekstrarsvið	12	6	6
Bókavörður - Þjónustusvið	26	13	13
Sérfræðingur - Aðfangasvið	10	4	6
Sérfræðingur - Þjónustusvið	9	3	6

Veikindafjarvistir

Veikindastundum fjölgar á milli ára. 74 starfsmenn voru með einn eða fleiri skráðan veikindadag eða 96% starfsmanna. Helmingur starfsfólks var frá vegna veikinda í 7 daga eða minna og meðalfjöldi veikindadaga var 12,5.

Veikindafjarvistir	2018	2017	2016
Veikindastundir alls	7.235	6.520	6.927
Hlutfall af vinnudögum	4,82%	4,45%	4,75%
Dagar pr. starfsmann	12,5	10,3	11,1
Fjöldi starfsmanna veikur >20 daga	12	11	11

Fræðsla og starfsþróun:

Haustið 2018 var samþykkt fræðsluáætlun fyrir veturinn 2018-19. Áhersla var lögð á stutt innanhússnámskeið, örnmáskieið og kynningar á náms, og rannsóknarleyfum. Meðal efnis var MeToo, Græn skref, starfsánægjukannanir, tækni og samfélagsmiðlar.

Starfsþróun	2018	2017	2016
Örfyrirlestrar og kynningar	7	8	
Fyrirlestrar	6	1	
Námskeið	0	5	3
Meðalfjöldi á námskeiði / kynningu	18	20	18
Meðalfjöldi þátttakenda / starfsmf.	23%	24%	23%

Safnið greiddi þátttöku 27 starfsmanna á 34 málþing, námskeið eða ráðstefnur sem snúa að starfi þeirra, s.s. um upplýsingatækni, mannaðsmál, launavinnslu, skjalamál, lög um persónuvernd, stefnumótun og

upplýsingafræði. Fjórir starfsmenn fengu rannsóknarleyfi/námsleyfi á árinu.

Sýningar og kynningar

Hlutverk einingarinnar er að sjá um sýningar, kynningar og útgáfumál safnsins, en margir starfsmenn leggja sýningum lið. Af níu sýningum fjölluðu þrjár um konur, ein um karl og fimm fjölluðu um hluti eða bæði kyn. Einingin hefur einnig umsjón með kjörgrip mánaðarins á aðalvef safnsins.

Viðurkenning Hagþenkis

Viðurkenning Hagþenkis 2017 var veitt 28. febr. Hana hlaut Steinunn Kristjánsdóttir fyrir ritið *Leitin að klaustrunum - klausturhald á Íslandi í fimm aldir* sem Söguþing og Bjóðminjasafn gáfu út. Sverrir Guðjónsson flutti tónlist við athöfnina. Sett var upp örsýning með dagbókum Steinunnar, mórskeið og líkneski af heilagri Dóróteu sem fannst á klausturstæðinu í Viðey árið 1987. Sýningin stóð til 10. sept.

Edda II – Líf guðanna eftir Jón Leifs

Þann 14. mars var opnuð sýning í samstarfi við Sinfóniuhljómsveit Íslands og afmælisnefnd fullveldisafmælis Íslands í tilefni af því að Sinfóniuhljómsveitin frumflutti óratoriuna *Edda II - Líf guðanna* eftir Jón Leifs. Árni Heimir Ingólfsson tók saman sýningartextann og flutti ávarp við opnunina ásamt landsbókaverði. Sýnd voru nótahandrit, textaskissur, bréf og fleira sem tengist verkinu og lífi og starfi Jóns Leifs, en öll handrit, bréf og önnur gögn hans eru í handritasafni. Sýningin stóð til 14. jan. 2019.

Tímanna safn – 200 ára afmæli

Þann 18. apríl var opnuð stór sýning um sögu safnsins í 200 ár, undir heitinu *Tímanna safn*. Við opnunina flutti Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra ávarp og landsbókavörður sagði frá áföngum í sögu safnsins og dagskrá afmælisársins. Börn úr Tónskóla Sigursveins fluttu tónlist og verðlaunahafar úr Stóru upplestrarkeppninni 2018 lásu ljóð. Á sýningunni var stiklað á stóru í helstu áföngum í sögu safnsins. Jón Árnason, sem þekktastur er fyrir þjóðsagnasöfnun sína, var ráðinn sem fyrsti bókavörður við Stiftsbókasafnið árið 1848 og gegndi því starfi þar til hann fór á eftirlaun árið 1887. Safnið var á Dómkirkjuloftinu til 1881 þegar það var flutt í hið nýreista Alþingishús og hlaut þá nafnið Landsbókasafn Íslands. Safnið fluttist svo í nýbyggt Safnahús við Hverfisgötu 1909 og var þar í sambíli við önnur söfn lengst af, en var flutt í þjóðarbókhlöðuna ásamt Háskólabókasafninu árið 1994. Sýningunni stendur til 2019.

En tíminn skundaði burt – Guðrún Lárusdóttir

Sýning um Guðrúnu Lárusdóttur rithöfund og stjórnmálamann var opnuð 9. maí. Við opnum fluttu ávörp landsbókavörður, dr. María Ágústsdóttir fyrir hönd afkomenda Guðrúnar og Málfríður Finnboagádóttir höfundur sýningarinnar. Sýningin var liður í dagskrá fullveldisafmælisins og fékk styrk. Guðrún Lárusdóttir sem fæddist á Valþjófsstað í Fljótsdal árið 1880 hóf snemma ritstörf, var aðeins 15 ára þegar hún hóf útgáfu á *Mínervu*, handskrifuð blaði. Hún þyddi mikið og m.a. skáldsöguna *Tómas frændi* eftir Harriet Beecher Stowe. Skáldsögur Guðrúnar urðu tólf, sjö af þeim í bókarformi, hinar sem framhaldssögur í blöðum. Ritsafn með ýmsum verkum hennar var gefið út 1949. Guðrún var kosin á þing árið 1930 og sat þar þegar hún lést 58 ára að aldri í bílstysi í ágúst 1938. Í tengslum við sýninguna var farin minningarganga 27. ágúst frá heimili Guðrúnar, Ási við Sólvallagötu, og lagður blómsveigur á leiði hennar í Hólavallagarði. Sýningin stóð fram á 2019.

Maístjarnan – Kristín Ómarsdóttir

Rithöfundasamband Íslands og Lbs-Hbs veittu í annað sinn verðlaunin Maístjörnuna við hátíðlega athöfn í Þjóðarbókhlöðunni 29. maí, fyrir ljóðabók sem kom út á árinu 2017. Verðlaunin hlaut Kristín Ómarsdóttir fyrir *Kóngulær í sýningargluggum*. Ávörp fluttu auk Kristínar, Ragnheiður Tryggvadóttir framkvæmdastjóri RSÍ, og landsbókavörður. Sett var upp lítil sýning á bókum Kristínar en verk hennar hafa verið þydd á ensku, dönsku, sænsku, galísku, frönsku, þýsku, spænsku og finnsku, og hafa birst í erlendum safnritum. Sýningin stóð til 10. okt.

Bókverk í Safnahúsinu

Sýningin *Bókverk : frá skapandi prenti til útgáfu listamanna* var sett upp í tilefni af 200 ára afmæli safnsins en undanfarið hefur verið aukin áhersla á sérstöðu bókverka í safnkostinum og stofnað sérstakt bókverkasafn sem hluti af sérsöfnum. Sýningin er hluti af Listahátið 2018 og er á 3.h. Safnahússins við Hverfisgötu og var opnuð 7. júní og mun standa til júní 2019. Á sýningunni er lögð áhersla á að sýna forsögu bókverksins í samspili við tilraunir listamanna með bókarformið. Verkin eru öll unnin hérlandis frá lokum 19. aldar til dagsins í dag. Þau eru dæmi um prentverk og tilraunir listamanna, prentara og útgefenda til skapandi nálgunar við prentlistina. Eldri verkin á sýningunni eru sett í samhengi við bókagerð samtímans og á sýningunni má sjá bækur og aðra útgáfu listamanna í sínu fjölbreyttasta formi. Unnar Örn myndlistarmaður var sýningarstjóri ásamt Ólafi Engilbertssyni, og hélt hann tölu um sýninguna við opnunina, auk Vigdísar Jakobsdóttur listræns stjórnanda Listahátiðar.

Kveisustrengur í Safnahúsi

Sýning á handritinu Kveisustrengnum (Lbs fragm 14) var einnig sett upp í Safnahúsini 7. júní, í tilefni afmælisársins og mun standa til júní 2019. Kveisustrengurinn er líklega hinn eini sinnar tegundar sem varðveisist hefur á Íslandi og er talinn frá um 1600. Um er að ræða skinnlengju með lesningu eða bæn gegn kveisu eða gigt og er talið að slík bænablöð hafi verið nokkuð algeng á sínum tíma, en þau voru gerð upptæk eða brennd í galdraofsóknunum á 17. öld. Lengjan var notuð sem verndargripur og var oftast bundin utan um sjúklinginn. Strengurinn varðveittist í Biskupsskjalasafni og leyndist þar innan um fornbréf Hólastóls á skinni. Gunnar Marel Hinriksson var með stutt erindi um Kveisustrenginn við opnunina.

200 ára afmæli

Á 200 ára afmælisdegi safnins, þann 28. ágúst var almenningi sérstaklega boðið að koma og skoða safnið og húsakynni þess, þar sem Örn Hrafnkelsson og Gunnar Marel Hinriksson voru með leiðsögn um sýninguna *Tímanna safn*. Einnig voru sýndar kvikmyndir í fyrirlestrasalnum, annars vegar um Landsbókasafnið við Hverfisgötu sem Sjónvarpið gerði 1968 og hins vegar mynd um Háskólabókasafnið fyrir flutning í Þjóðarbókhlöðu 1994, eftir þær Auði Gestsdóttur og Halldóru Þorsteinsdóttur.

Norrænt bókband 2018

Þann 1. nóv. var opnuð sýningin *Norrænt bókband*. Um er að ræða farandsýningu sem sett er upp á öllum Norðurlöndunum á fjögurra ára fresti. JAM hópurinn skipuleggur sýninguna en hann var stofnaður 1. október 1989 eftir námskeið í listbókbandi, sem halddi var á vegum Félags bókagerðarmanna í lönskólanum í Reykjavík. Þetta var mikil lyftistöng fyrir bókbandsfagið og varð til þess að sex bókbindarar tóku þátt árið eftir í norrænu keppninni. Síðan varð hlé á norrænum sýningum en árið 1998 var ákveðið að endurtekja þetta norræna samstarf og 2001 var gengið frá reglum um nýja tilhögun sýninganna. Sérstök dómnefnd dæmir innsend verk og velur 25% af bókunum í sérstakan heiðursflokk sem fer á farandsýninguna. Fyrsta keppnin eftir þessum nýju reglum var haldin 2005 og voru þátttakendur 81, þar af 14 frá Íslandi. Að þessu sinni eru þátttakendur 51, þar af fjórir Íslendingar og fá tveir þeirra heiðursviðurkenningu, Hrefna Ársælsdóttir starfsmaður safnsins og Ragnar Gylfi Einarsson. Af Íslands hálfu taka auk þeirra þátt í sýningunni Guðlaug Friðriksdóttir og Kristín Þóra Guðbjartsdóttir. Við opnunina fluttu landsbókavörður og Georg Páll Skúlason frá Grafíu ávörp. Sýningunni lauk 3. des.

Jólaútgáfur

Í tilefni aðventunnar var stillt upp nokkrum jólatengdum útgáfum frá síðustu tveimur öldum, í anddyri Íslandssafns á 1.h. Þar var um að ræða íslensk rit, þýðingar, auk ársrita tengdum jólunum.

Kjörgripir 2018

Af kjörgripum mánaðarins á vef safnsins voru tveir tengdir konum og fimm tengdir körlum, en fimm ótilgreindir eða tengjast báðum kynjum.

*Minningarrit um Landsbókasafn – bók, Jón Jacobson
Póstkort – smáprent, útgefandi Smekkleysa
Ferðaorgel – gripur, eigandi Jón Leifs
Registr 1828 – bók, Íslands Stiftsbókasafn
Kongeloven 1709 – lög, Danmörk
Kveisustrengur – handrit, Lbs. fragm. 14
Íslandsvísur – bók, Guðmundur Magnússon og
Þórarinn B. Þorláksson
Mínerva – handskrifað tímarit, Guðrún Lárusdóttir
Vísnakver Fornólf – bók, Jón Þorkelsson
Þulur – bók, Theodóra Thoroddsen og Muggur
Bókbindarasafn – bókband, Ársæll Árnason
Eru þetta okkar jól? – ávarp, Rauðsokkahreyfingin*

Yfirlit

Nú sýningar voru á árinu, þar af sex stórar sýningar eða meðalstórar. Fimm voru samstarfsverkefni við aðila utan safnsins. Erindi í tengslum við sýningar og afmæli fluttu 22 konur og 19 karlar og 3 konur og 1 karl fluttu tónlist. Gunnar Marel Hinriksson var með leiðsögn á sýningunni *Sjónarhorn* í Safnahúsinu þann 2. febr. á Safnanótt og sagði frá Íslandskortum Guðbrands bískups og galdrahandritum.

Gefin var út ein vegleg sýningarskrá, *Tímanns safn*, auk tveggja bæklinga um sýningar í Safnahúsinu. Einnig voru fjórir minni bæklingar á íslensku og ensku og fjörlitaðir innanhúss. Bjarki Sveinbjörnsson og Jón Hrólfur Sigurjónsson tóku upp kynningar og fyrirlestra í tengslum við sýningar og settu á YouTube rás safnsins.

Tölvurekstur

Tölvurekstur sér um að tölvur, netþjónar og netbúnaður séu í góðu lagi svo ekki verði truflun á starfsemi safnsins. Tölvurekstur ber ábyrgð á tölvu- og netkerfum safnsins (LBS / Reykholt / Mjódd / Hýsing / VerneGlobal) og að þau virki sem skyldi. Fylgst er með nýjungum og breytingum á þessu sviði svo fyllsta öryggis sé gætt.

Helstu verkefni eru rekstur og umsjón netþjóna, gagnageymslna, netkerfa (póstkerfa, gagnagrunna og

sýndarumhverfis), aðgangsstýringa og notenda-stjórnunar, afritunarlausna og gagnaöryggis, auk eftirlits með vírus- og öryggisvörnum, ráðgjöf um innkaup á búnaði, uppfærsla á hugbúnaði og stýrikerfum, rekstur IP símkerfa, auk uppsetningar og reksturs öryggismyndavélakerfis.

Uppfærslur, viðbætur og lagfæringar

Talsvert var um uppfærslur á tölvuumhverfi safnsins á árinu. Sex Linux þjónar voru uppfærðir í nýjustu útgáfur RGEL7, og fjórir Windows þjónar voru uppfærðir í útgáfu Server 2016. Einnig var Hyper-V sýndarumhverfi sett í Server 2016. Trend Micro vírusvarnir fyrir útstöðvar og póstgátt voru uppfærðar og afritunarkerfið Veeam einnig uppfært í nýja útgáfu. Þá var endurnýjaður skanni / myndavél í myndastofu og einnig hugbúnaður og vélbúnaður fyrir hann. Gerðar voru breytingar á vinnaðstöðu og búnaður efldur hjá Tónlistarsafni, í sýningarhaldi, upplýsingatæknihóp, myndastofu, hússtjórn og tölvurekstri. Öryggismyndavélu var enn fjölgað og eru nú 44 í húsinu. Innleitt var samskiptaforritið *Vinnan* (Facebook Workplace) fyrir starfssfólk, einnig *Fotoware* hugbúnaðurinn fyrir myndasöfn og *Qualys* vöktun fyrir veikleikum í tölvukerfum. Þá var í lok árs unnið að innleiðingu HPE 3PAR gagnageymslum fyrir stafrænt efni.

Upplýsingatækni og vefstjórn

Upplýsingatæknihópur greinir, þróar og innleiðir upplýsingatækniverkefni í safninu í samvinnu við aðrar starfseiningar. Verkefnin eru ýmist þróuð innan safnsins eða unnin í samvinnu við aðra, m.a. önnur þjóðbókasöfn. Unnið var að fjölmögum verkefnum á árinu, sum eru ný en önnur hafa verið í vinnslu nokkurn tíma. Það er eðli verkefnanna að vinna við þau lýkur ekki fyrr en þau eru lögð af, því eftir innleiðingu hefst viðhald og oft þarf að gera breytingar eða bæta við nýjum verkþáttum.

Ný ásýnd vefja

Í tengslum við 200 ára afmæli safnins var hannað nýtt útlit fyrir vefi safnsins í samræmi við hönnunarstaðal frá Íslensku auglýsingastofunni. Vinna við að koma vefjum safnins í nýja útlitið hófst um haustið. Nýja hönnunin leysir af hólmi rúmlega tíu ára gamlan forvera. Auk þess að vera nútímalegri þá er nýja hönnunin einnig miðuð við að styðja jafnt við notkun farsíma og snjalltækja. Aðgengi notenda slíkra tækja mun því batna mjög. Undir lok ársins voru nýjar útgáfur af vefjunum *bækur.is* og *hljóðsafn.is* kynntar. Aðrir vefir safnins verða færðir í nýja útlitið á næsta ári.

Landsbókasafn.is

Aðalvefur safnsins var tekin til gagngerðrar endurskoðunar í tenglum við nýtt útlit vefjanna. Um var að ræða mjög metnaðarfullt verkefni þar sem allir þættir vefjarins voru skoðaðir í náinni samvinnu þvert á svið safnsins. Sökum umfangs tókst ekki að ljúka vinnu við nýja útgáfu á árinu, en nýr aðalvefur verður opnaður í byrjun 2019.

Bækur.is

Á *bækur.is* eru birtar stafrænar endurgerðir af íslenskum bókum og bókum sem tengjast Íslandi. Umfangsmikil endurgerð á vefnum var opnuð 1. desember. Miklar breytingar voru gerðar og er aðgengi að efnið nú mun betra en áður. Auðveldara er að

fletta, stuðningur við farsíma og snjalltæki er betri, leit er einfaldari og eru leitarorð nú auðkennd á síðum bókanna.

Hljóðsafn.is

Hljóðsafnið hefur að geyma stafrænt hljóðefni sem varðveitt er í Lbs-Hbs. Það er efni frá Miðstöð munnllegrar sögu og tónlist úr tón- og myndsafni. Tölverð breyting varð á árinu þar sem heimild fékkst hjá samtökum rétthafa til að birta 25 sekúndna brot úr lögum í almennum aðgangi og einnig myndir af umslögum og fylgiefni. Opnar það mjög aðgang að efni. Almenningur getur áfram nálgast efni í fulltri lengd úr tölvum á 4.h. Þjóðarbókhlöðunnar. Vefurinn fékk einnig nýja útlitið og virkar því vel í farsínum og snjalltækjum. Þá var vefnum einnig fundið nýtt heimili á léninu *hljodsafn.is*.

Vefsöfnun

Framkvæmd vefsafnanna gekk eðlilega, en þrjár heildarsafnanir á íslenska þjóðarléninu .is voru gerðar. Um 65 þúsund lén tilheyra þjóðarléninu og söfnuðust að meðaltali um 103 milljónir skjala í hverri söfnun. Er þetta um þriðjungi meira en 2017. Skýrist aukningin m.a. af betri vélbúnaði sem nú er notaður í vefsafnanir og vegna breyttra aðferða við söfnun. Vikulegum söfnunum á sérvöldum vefjum var einnig haldið áfram á árinu. Vefirnir voru valdir af starfsfólk skylduskila m.t.t. þess að um væri að ræða vefi með efni sem skipti máli í þjóðmálaumræðu og að vefirnir væru uppfærðir ört. Einnig var haldið áfram sífelldum söfnunum á völdum vefjum í gegnum RSS fréttastráuma. Þá voru gerðar tvær viðburðasafnanir, önnur tengd sveitarstjórnarkosningunum og hin þátttöku Íslands á heimsmeistaramóti karla í knattspyrnu.

Öryggi notenda

Til að bæta öryggi notenda á vefjum safnsins hefur upplýsingatæknihópur virkjað https dulköðun á öllum vefjum safnsins. Þessi nýi tengimát er mun öruggari, en þó er enn boðið upp á eldri tengimáta á sumum vefjanna. Undir lok 2019 munu vefir safnins einungs verða aðgengilegir í gegnum öruggar https tengingar.



Aðföng og skráning

Sviðið ber ábyrgð á þaulsöfnun skilaskylds íslensks efnis og uppbyggingu ritakosts í þágu háskólanáms og rannsókna, þ.e. innkaup efnis, aðfangaskráningu og utanumhald um ritakaupasjóði Háskóla Íslands og safnsins. Einnig sér sviðið um móttöku gjafa, flokkun, skráningu, bókfræðistjórn og gæðastjórnun í Gegni, auk þess að ganga frá efni til útláns og notkunar. Í árslok störfuðu 22 starfsmenn á sviðinu í 21,3 ársverkum, átján konur og fjórir karlar. Sviðsstjóri er Ragna Steinarsdóttir.

Nýtt bókasafnskerfi fyrir allt landið er í undirbúningi hjá Landskerfi bókasafna. Margir starfsmenn safnsins tóku þátt í vali á kerfi sem mun taka við af Aleph-kerfinu, sem hýsir Gegni. Útboð var auglýst í mars og í júní gekkst Landskerfi fyrir prófunum sem lagðar voru fyrir þá tvo seljendur sem tóku þátt í útboðinu. Starfsmenn margra safna komu að verkinu og þ.m.t. flestir helstu sérfræðingar Aðfangasviðs. Fulltrúar kerfanna áttu að leysa fyrirfram ákveðin verkefni og fengu síðan einkunn sem réð miklu um niðurstöðu útboðsins. Fyrir valinu varð síðan Sierra-kerfið frá Innovative. Mikil vinna er framundan við að færa gögn úr Aleph yfir í Sierra. Einnig er ljóst að margvíslegt þróunarstarf er í vændum í samvinnu við Sierra við að þroa nýtt leitarviðmót kerfisins, í stað Primo, sem nú

hýsir leitir.is. Sviðsstjóri aðfangasviðs sótti fund NNG, (Nordic Networking Group on bibliographic and infrastructure topics), sem haldinn var í Helsinki í apríl. Landskerfi bókasafna er einnig þátttakandi í NNG, sem er samstarfsvettvangur þjóðbókasafna Norðurlandanna um bókasafnskerfi, bókfræðigögn (lysögogn), skráningarreglur, skráningarsnið og staðla. Markmið samtakanna er að samnýta lysögogn og skiptast á upplýsingum. Flestir aðilar NNG eru að hugleiða nýtt bókasafnskerfi eða hafa nýlega innleitt slíkt kerfi.

Starfsmenn sviðsins sjá um kennslu tveggja námskeiða í upplýsingafræði við HÍ, skipulagningu þekkingar (flokkun og efnisorð) og bókfræðilega skráningu og lysögogn, en kennslan fór fram í kennslustofu á 3.h.

Aðföng og gjafir

Helstu verkefni aðfanga eru kaup á gögnum fyrir safnið og fræðasvið/deildir HÍ, s.s. þöntun, móttaka og aðfangaskráning. Auk þess sér faghópurinn um móttöku og aðfangaskráningu gjafa. Söfnun og greining á tölfraðigögnum er stór þáttur í starfseminni. Bókavalshópur sér um val á bókum sem keyptar eru fyrir sjóði safnsins, t.d. bækur íslenskra höfunda sem þýddar hafa verið á erlend tungumál og annað efni sem fjallar um Ísland og ekki berst í skylduskilum (*Islandica Extranea*). Unnið var að samræmingu í aðfangaþætti Gegnis í samstarfi við Landskerfi þar sem áherslan var á undirbúning fyrir flutning gagna í nýtt bókasafnskerfi.

Hugvísindasvið Háskóla Íslands ákvað á árinu að nýta fjármagn ætlað til uppbyggingar rannsóknarinnviða til að auka aðgengi að rafbókum. Í samstarfi Lbs-Hbs og Hugvísindasviðs voru gerðir samningar við Cambridge University Press, Oxford University Press, Springer, Taylor and Francis og Harvard University Press sem veita aðgang að yfir 50 þúsundum rafbókum, mest á sviði hug- og félagsvíða. Í flestum tilfellum er um EBA (Evidence Based Acquisition) að ræða þar sem opnað er fyrir mikinn fjöldi bóka og í lok samningsárs velja kaupendur bækur til eignar. Einnig er um áskriftir og bein kaup að ræða.

Gagnakaup safnsins og Háskóla Íslands
Lbs-Hbs varði til gagnakaupa á árinu 2018 um 17 milljónum króna sem skiptast þannig:

Gagnakaup Lbs-Hbs m.kr.	2017	2018
Bækur	5.3	4.9
Tímarit	5.6	4.5
Tón- og mynddefni	0.6	0.6
Landsaðgangur	4.1	4.1
Rafrænar séráskriftir	1.9	2.9
Alls	17.5	17.0

Fjárveiting frá fræðasviðum og/eða einstökum deildum Háskóla Íslands til safnsins vegna kaupa á bókum, tímaritum og gagnagrunnum á árinu 2018 var sem hér segir:

Fjárveiting sviða HÍ m.kr.	2017	2018
Félagsvíndasvið	10.7	12.9
Heilbrigðisvíndasvið	3.2	3.2
Hugvísindasvið	9.0	9.0
Menntavísindasvið	0.5	0.5
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	14.8	14.8
Alls	38.2	40.4

Landspítali - Háskólasjúkrahús kaupir ennfremur efni fyrir Heilbrigðisvíndasvið, og Menntavísindasvið sér um innkaup fyrir sitt bókasafn. Heildarinnkaup safnsins fyrir HÍ voru rúmar 35.5 milljónir króna, sem eru 4.9 milljónum lægri upphæð en áætluð fjárveiting fræðasviða og/eða deilda Háskóla Íslands var og helgast það fyrst og fremst af hagstæðu gengi íslensku krónunnar á fyrri hluta ársins og að fjölda tímaritaáskrifta í pappírsformi var sagt upp. Þessum fjármunum var ráðstafað í náinni samvinnu við háskólakennara og/eða bókasafnsfulltrúa deildanna og skiptist í:

Gagnakaup sviða HÍ m. kr.	2017	2018
Bækur og mynddefni	6.1	8.0
Tímarit	9.5	8.9
Rafrænar séráskriftir	19.2	18.6
Alls	34.8	35.5

Auk þessa greiddi Háskóli Íslands miðlægt vegna Landsaðgangs að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum, og fyrir séráskriftir að gagnasöfnunum JSTOR, Science, Journal Citation Report og CSA:

Miðlæg gagnakaup HÍ m.kr.	2017	2018
Landsaðgangur	39.6	39.6
Rafrænar séráskriftir	6.7	6.2
Alls	46.3	45.8

Gjafir

Safninu bárust margar gjafir á árinu. Meðal bókagjafa frá fræðimönnum má nefna bækur úr safni Einars Laxness á sviði sagnfræði, Lofts Guttormssonar á sviði sagnfræði og félagsvíða, Gísla Pálssonar á sviði mannfræði, Heimis Áskelssonar á sviði bókmennata og ensku og Sigrúnar Júlíusdóttur á sviði félagsráðgjafar. Safnið tók við veglegum gjöfum frá öðrum einstaklingum, meðal annars góðu safni nýrra erlendra bóka um vísindi, sögu og málefni líðandi stundar frá erfingjum Pálma Ingólfssonar og stórt safn íslenskra bóka, tímarita og smáprents frá erfingjum Ragnars Ólafssonar bókasafnara sem vantaði í safnið. Þá fær safnið reglulega bókagjafir frá innlendum og erlendum stofnunum og á árinu bárust meðal annars bækur frá menntamálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, Japan Foundation, NIAS (Nordic Institute of Asian Studies) og Nordiska Afrikainstitutet.

Samkvæmt samstarfssamningi við Miðstöð íslenskra bókmennata fær safnið eintök af þeim þýðingum íslenskra bókmennata sem Miðstöðin styrkir og barst safninu fjöldi nýrra þýðinga á árinu.

Skylduskil

Í skylduskilum er unnið að móttöku, innheimtu og ráðstöfun nýs íslensks efnis skv. lögum um skylduskil. Þá er unnið að frágangi og aðfangaskráningu eldra efnis sem berst og reynt að útvega það sem á vantar, hvort sem um er að ræða bækur, tímarit eða annað efni, ábreifanlegt eða stafrænt. Haldið er saman tölulegum upplýsingum um blöð, tímarit, ársskýrslur, smælki og fleira (sjá töflu 3.2.2). Ennfremur eru sendar upplýsingar til Hagstofu Íslands um blaða- og tímaritaútgáfuna, tegundir hennar og tíðni eftir efni.

Rafhlaðan

Aðferðir við söfnun og varðveislu efnis sem verður til stafrænt eru í sífelldri þróun og starfsfólk safnsins reynir að tileinka sér nýja þekkingu. Rafrænn hluti skylduskila fer vaxandi svo sem söfnun efnis og móttaka þess og val á vefsíðum sem vefsafnanir eiga að ná til. Rafrænt efni er annars vegar aðgengilegt í *rafhladan.is* sem er varðveislusafn fyrir útgefíð íslenskt efni sem verður til stafrænt, eða á *timarit.is*, sem hýsir bæði stafrænt efni og stafrænar endurgerðir. Lýsigögn verkanna í Rafhlöðunni eru afrituð úr Gegni með vélrænum hætti og efnið er ýmist sótt af starfsfólk safnsins eða að stofnanir, einstaklingar og fyrirtæki senda inn efni. Í safninu voru 14.341 eining í lok árs.

Vefsafnanir

Íslenskum vefsíðum er safnað reglulega í *vefsafn.is*. Únn sem fyrr er safnað þrisvar á ári öllu sem er á léninu .is ásamt völdum erlendum lénum. Sömuleiðis eru gerðar vikulegar safnanir, einkum af síðum miðla sem breytast ört. Fjöldi vefja í reglulegri söfnun eru um níutíu. Þá er og safnað efni af öðrum lénum en .is, einkum efni er varðar Ísland og Íslendinga erlendis. Slíkar slóðir voru 2.198 um áramót. Viðburðasafnanir á árinu voru tvær, vegna sveitastjórarkosninga og heimsmeistarmóts karla í knattspyrnu. Nú eru rúmlega 4.4 milljarðar skjala í safninu eða um 100 terabæt. Fjöldi vefsetra sem tilheyra .is voru í árslok rúmlega 65 þúsund.

Innheimta og gjafir

Eins og áður voru keyrðir listar úr Gegni til að fylgjast með útgáfu sem önnur söfn eiga, en Lbs-Hbs ekki. Einnig er fylgst með bókafréttum í blöðum, *Bókatíðindum*, fréttum og á netinu til að hafa upp á efni, bæði prentuðu og á rafrænu formi, sem og hljóðefni. Þá berast oft ábendingar um rit sem vantar. Prentun íslenskra rita erlendis fer sífellt vaxandi. Prentsmiðjan Oddi hætti að framleiða innbundnar bækur á árinu. Skylduskilin hafa því færst að nokkru

frá íslenskum prentsmiðjunum til útgefenda sjálfra. Hringingar og tölvupóstar eru helstu innheimtu-aðferðir. Reglulega er sótt til ákveðinna prentsmiðja og útgefenda sem þess hafa óskað, til að liðka fyrir skilum. Nokkuð barst af efni að gjöf frá einstaklingum og stofnunum, mismikið að vexti.

Tímarit og greiniskráning

Tímaritahald sér um innkaup, skráningu og umsýslu tímarita safnsins og Háskóla Íslands. Ákvörðun um hvaða efni er keypt fyrir skólann er að mestu hjá kennurum og miðast við það fé sem einstakar deildir ákveða til ritakaupa. Á árinu 2018 voru 355 tímaritaáskriftir greiddar af Háskóla Íslands og 277 af ritakaupafé safnsins, samtals 631 titill. Að auki koma enn mörg tímarit að gjöf, en þeim fer fækkandi. Umsjón með skráningu tímaritsgreina í Gegni er einnig í höndum faghópsins sem og skráning og umsýsla ársskýrslna. Um 155 tímarit eru greiniskráð að staðaldri í Gegni og um skráninguna sjá 11 aðildarsöfn Gegnis, hvert eftir sínu fræða- eða áhugasviði. Af þeim sér Lbs-Hbs um greiniskráningu um 120 titla. Huga þarf að samræmi við skráningu á *timarit.is*, en greiniskráning í Gegni er forsenda þess að titlar greina birtist rétt á *timarit.is*. Jafnt og þétt er unnið að grisjun eldri erlendra tímarita í geymslum safnsins.

Finna tímarit

Skráin um rafræn tímarit, *Finna tímarit* frá ExLibris, er notuð af öllum háskólasöfnum í landinu. Í skránni eru tenglar við rafræn Tímarit sem eru í Landsaðgangi og í séráskriftum háskóla, auk fjölda tímarita sem eru í opnum aðgangi. Samtals eru þar um 30 þúsund titlar.

Alþjóðlegt bóknúmer ISBN

Úthlutað var 48 númeraröðum á árinu og 193 stökum númerum. Heildarskrá yfir íslenska útgefendur, sem send var til alþjóðaskrifstofunnar í júlí, inniheldur 5.238 færslur að meðtoldum upplýsingum um einstaklinga sem fá stök ISBN númer.

Alþjóðlegt tímaritsnúmer ISSN

Úthlutað var 79 ISSN númerum á árinu, að meirihluta fyrir tímarit í stafrænni endurgerð á *timarit.is*. Heildarfjöldi færslna fyrir íslensk tímarit í ISSN skránni var um áramót 3.219 færslur.

Alþjóðlegt nótunúmer ISMN

Úthlutað var 6 númeraröðum og 3 stökum ISMN númerum á árinu. Frá upphafi hefur verið úthlutað 24 númeraröðum og 32 stökum númerum. Skrá yfir

íslenska útgefendur sem send var til alþjóða-skrifstofunnar í júlí inniheldur 43 færslur.

Bókaskráning

Meginverkefni faghópsins er að skrá, flokka og lykla prentaðar bækur og bæklinga, bæði íslenskt og erlent efni, sem keypt er fyrir safnið sjálft og fyrir Háskóla Íslands. Ennfremur efni sem berst í gjöfum.

Einnig eru skráðir kaflar úr erlendum bókum sem innihalda efni er varðar Ísland eða er eftir Íslendinga. Allir skrásetjarar taka nú þátt í því að greiniskrá úr tímaritum. Efnisorð eru sett á lokaritgerðir frá HÍ sem varðveisittar eru í Skemmunni en rúmlega 2.700 nemendur útskrifuðust á árinu. Samkvæmt nýjum skráningarreglum, RDA, sem tekna voru upp árið 2016 þarf nú að skrá sitthvora færsluna fyrir efni sem kemur út á prenti og rafrænt, en við það hefur umfang skráningar aukist talsvert.

Tiltektarverkefni og lagfæringar

Á árinu var unnið að ýmsum lagfæringum og leiðréttингum í Gegni, m.a. vegna gagnabreytinga. Þá er árlega eitthvað um endurflokkun. Nokkuð er keypt af erlendum rafrænum bókapókkum og þegar þeir hafa verið keyrðir inn í kerfið þarf að samræma nafnmyndir og lagfæra skráninguna. Rafrænt efni sem hýst er í Rafhlöðunni er nú skráð jafnóðum. Tiltekt hefur staðið yfir í geymslu 6 í kjallara Þjóðarbókhlöðu og heilmikið efni hefur komið til skráningar. Hluti af því fór í öskjur í Íslandssafni fyrir dægurprent. Í mars var lokið við að fara yfir skráningu kennslubókasafns Þjónustusviðs í kjallara. Prentanir sem ekki voru til á Varðveislusviði voru fluttar þangað svo úr varð heilt safn, en eintök Þjónustusviðs flutt í geymslu í Mjódd. Átak var gert í skráningu sýningaskráa og bókverka.

Útgáfuskrá, bókfræðistjórn og gæðaeftirlit

Skrá um íslenska útgáfu er dregin úr Gegni og birt á utgafuskra.is. Skráin er uppfærð vikulega og bókfræðifærslur sem eiga að birtast eru kóðaðar og gögnin leiðrétt. Bókfræðileg stjórn Gegnis fer fram í svokölluðum nafnmyndagrunni og sú vinna er nær öll á hendi skrásetjara Lbs-Hbs. Í nafnmyndagrunni birtast tilvísanir mannanafna, landfræðiheita, stofnananafna og almennra efnisorða. Þar eru alnafnar aðgreindir og gerðar samræmdar nafnmyndir fyrir sígild verk eins og Biblíuna og ýmis fornrit. Áfram var unnið að ýmsum verkefnum til að auka gæði og bæta leitarheimtur s.s. sameiningar á tvöföldum færslum, samræmdri skráningu ritraða, efnisorðavinnu og kóðun, auk viðbóta við færslur fyrir þýðingar á íslenskum bókmenntaverkum.

Skráningaráþjónusta

Safnið býður nú upp á skráningaráþjónustu gegn gjaldi fyrir söfn og stofnanir þar sem aðföng eru lítil. Í þjónustunni felst flokkun, skráning og tenging rita í Gegni. Einnig kjalmerking sé þess óskað. Nokkur söfn nýttu þessa þjónustu árinu.

Tón- og myndskráning

Faghópurinn sér um skráningu efnis sem er á öðru formi en prentuðu. Meginviðfangsefnið er skráning hljóðrita og kvíkmynda, en einnig eru skráðar nótur, hljóðbækur, rafbækur, spil og margmiðlunargögn. Þá sér hópurinn um að kóða bókfræðifærslur sem eiga að birtast á utgafuskra.is, fara yfir skráningu og leiðrétt gögn ef þess þarf. Hópurinn hefur einnig, í samvinnu við Landskerfi bókasafna, umsjón með gæðaeftirliti á rafrænum tenglum í Gegni. Öll vinna við viðhald rafrænna tengla í bókfræðigrunni fer fram í safninu og þaðan fá önnur aðildarsöfn Gegnis upplýsingar um færslur sem þarf að fara yfir.

Rafhlaðan

Annað verkefni er umsjón með skráningu í Rafhlöðuna, en þar er vistað efni sem gefið er út á rafrænu formi, einkum pdf-skjöl, epub og mobi. Efnið er að öllu jöfnu skráð í Gegni og færslan flutt yfir í Rafhlöðuna með vélrænni keyrslu. Fagstjóri sér um að kóða bókfræðifærslur sem koma frá öðrum söfnum og eiga heima í Rafhlöðunni, en þessi vinna er unnin í samstarfi við umsjónarmann Rafhlöðunnar í skylduskilum. Jafnframt er farið yfir skráningar á öllu rafrænu efni í Gegni og gögn leiðrétt ef þess þarf.

Hljóðsafn

Þá er unnið að því að bæta upplýsingum í gamlar skráningarfærslur hljóðrita í Gegni og lagfæra vegna hljodsafn.is. Í hljóðsafni eru vistuð stafræn afrit af 78 snúninga plötum, diskum, snældum og vefútgáfu til varanlegrar varðveislu, en skráning í Gegni þarf að vera í samræmi við það efni sem skráð er í hljóðsafnið. Tekin eru fyrir ákveðin ár í senn við þessa vinnu, auk þess sem til fellur hverju sinni.

Tónlistarsafn Íslands

Tónlistarsafn Íslands sameinaðist Lbs-Hbs á árinu. Unnið var að skráningu nótna, bóka og hljóðrita í eigu TÍ. Efni sem vantaði í Lbs-Hbs var tekið inn en öðru var ráðstafað til Amtbókasafnsins á Akureyri, Listaháskóla Íslands, Bókasafns Hafnarfjarðar og Borgarbókasafns eftir atvikum.

Gæðastjórn Gegnis

Gæðastjórn Gegnis er unnin í nánu samstarfi við Landskerfi bókasafna. Safnið á two fulltrúa í skráningarráði Gegnis, Helgu Kristínu Gunnarsdóttur og Hallfríði Hr. Kristjánssdóttur. Ragna Steinarsdóttir er fulltrúi safnsins í efnisorðaráði og er jafnframt ritstjóri efnisorða. Bæði ráðin starfa á vegum Landskerfis. Safnið á einnig two fulltrúa í gæðahópi Gegnis en hann gegnir lykilhlutverki við þróun og þegar kemur að prófunum á nýjum uppfærslum og útgáfum kerfisins, þ.m.t. *leitir.is*. Gæðastjóri og fagstjórar sjá um að svara erindum á netfanginu *gegnir@landsbokasafn.is*. Að meðaltali bárust 14 erindi á mánuði árið 2018. Gæðastjóri Gegnis er Hallfríður Hr. Kristjánssdóttir.

Handbók skrásetjara Gegnis

Safnið heldur úti Handbók skrásetjara Gegnis (HASK), sem er veflægt vinnutæki allra skrásetjara landsins og er aðgengileg á vefnum *hask.landsbokasafn.is*. Gæðastjóri er ritstjóri handbókarinnar, en í ritstjórn sitja að auki tveir starfsmenn bókaskráningar. Ritstjórn uppfærir handbókina í samræmi við alþjóðlegar skráningarreglur og staðla, ákvarðanir skráningarráðs og ábendingar sem berast. Handbókin var endurhönnuð í kjölfar RDA-innleiðingarinnar og á árinu fór mikil vinna í að uppfæra og bæta við leiðbeiningum fyrir ólík útgáfuform. Heimsóknir voru rúmlega 9.000 og flettingar tæplega 57.000.

Helstu verkefni ársins

Nýjar alþjóðlegar skráningarreglur, RDA, hafa nú að fullu verið innleiddar í bókfræðiskráningu í Gegni. Lbs-Hbs gegndi veigamiklu hlutverki í innleiðingarferlinu ásamt skráningarráði Gegnis og öðrum hagsmunaaðilum. Árið 2018 voru unnin nokkur stór verkefni tengd innleiðingunni. Starfsfólk aðfangasviðs, í samstarfi við Landskerfi bókasafna, sá um að útbúa

forsögn fyrir gagnabreytingar sem umbreyttu öllum eldri bókfræðigögnum þannig að þau yrðu samræmanleg RDA skráningarreglum. Einn hluti þessa verkefnis var að keyra inn nýjar færslur fyrir rafbækur og rafræna útgáfu sem hafði ekki verið skráð sérstaklega áður, heldur einungis tengd við samsvarandi færslur fyrir prentefni. Ýmis smærri verkefni fylgdu í kjölfar gagnabreytinganna og þurfti til dæmis að fara yfir og leiðréttu skammstafanir sem höfðu verið keyrðar inn á ranga staði í skráningarfærslum.

Áfram var unnið að því að uppfæra og auðga nafnmyndagrunn Gegnis, t.d. með því að bæta þjóðerni og móðurmáli höfunda inn í nafnmyndafærslur þeirra. Með þessum breytingum vinnur nafnmyndagrunnurinn betur með RDA gögnum og er tækur í alþjóðlega nafnmyndasamvinnu, t.d. með VIAF. Áfram var unnið að því að bæta leitarvél fyrir nýtt undirsafn um þýðingar á íslenskum verkum, sem opnað var árið 2017. Vinnan fólst bæði í að bæta skráningu á þeim verkum sem eiga heima í safninu og með því að endurskoða leitarviðmót vefsins og gagnasettið sem leitarvélin vinnur með og er dregið út úr Gegni.

Fræðsla og alþjóðleg samvinna

Skilyrði fyrir skráningarleyfi í Gegni er að sótt sé þriggja daga námskeið sem haldið er reglulega á vegum Landskerfis. Eitt slíkt námskeið var haldið haustið 2018 og sáu starfsmenn aðfangasviðs um kennsluna. Fræðslufundur fyrir skrásetjara eru að jafnaði haldnir einu sinni eða tvívar á ári í Þjóðarbókhlöðu og eiga starfsmenn skráningar og gæðastjóri Gegnis drjúgan þátt í mótu dagskrár og flutningi erinda. Árið 2018 var haldinn einn fræðslufundur á Landsbókasafni og fluttu þrír starfsmenn sviðsins erindi. Gæðastjóri situr fyrir hönd safnsins í ritnefnd EURIG (European RDA Interest Group). Ritnefndin hittist árlega í tengslum við aðalfund EURIG og heldur fjarfundum um allar breytingar og breytingartillögur á RDA skráningarreglunum. Árið 2018 var fundað í Kaupmannahöfn.



Varðveisla og stafræn endurgerð

Sviðið ber ábyrgð á varðveislu íslensks safnkosts, þ.e. handritum og einkaskjölum, sérsöfnum og öllu útgefnu íslensku efni skv. lögum um skylduskil, nema kvíkmyndum, útværps- og sjónvarpsefni. Sviðið hefur umsjón með forvörslu, bókbandi, umbúnaði, stafrænni endurgerð, útlánum á lessal, ásamt annarri þjónustu við þá safngesti sem nota safnkostinn. Í lok ársins voru 22 starfsmennm, en ársverk voru 19.43, tólf karlar og tíu konur. Sviðsstjóri er Örn Hrafnkelsson.

Forvarsla og bókband

Á viðgerðarstofu er unnið að forvörslu og viðgerðum á handritum og prentuðum ritum. Forvörður er einnig til ráðuneytis um og ber ábyrgð á viðhaldi, varðveislu og umbúnaði ritakosts í safninu. Á undanförnum árum hefur sú breyting átt sér stað að verulega hefur dregið úr bókbandi á nýjum ritum en vægi viðgerða og endurbands gamalla bóka úr eigu safnsins

hefur aukist til muna. Nemi í forvörslu var forverði til aðstoðar allt árið. Bókbandsverk á árinu 2018 voru alls 22.586 (39.383) einingar.

Myndastofa

Stafræn endurgerð er fastur liður í starfsemi safnsins og á hverju ári bætist við, en mismunandi eftir efnisflokkum. Í myndastofu er unnið að stafrænni endurgerð blaða, tímarita,

bóka, handrita og annars efnis, myndatökum að beiðni notenda og vegna sýninga og viðburða í safninu. Eins og undanfarin ár voru tímarit meginhluti þess efnis sem myndað var á árinu. Teknar voru 100.770 (182.778) myndir. Ítarlegri upplýsingar um myndað efni eru í töflu 5.5. í kafla um árstölur.

Alls voru komnar um 5.4 milljónir mynda á *timarit.is*, en rúmlega 64.000 þús. blaðsíður bættust við á árinu. Á *bækur.is* var fjöldi rita orðinn 1.705 eða um 480 þús. bls. Á vefnum *handrit.is* eru alls um 2.450 mynduð handrit og þar af á Lbs-Hbs um 1.600 handrit, alls um 470 þús. bls. Á *islandskort.is* eru 786 kort frá árunum 1544-1951 og um 1050 útgáfur. *Íslensk bókaskrá 1534-1844* er tengd við *bækur.is*, þannig að nákvæmar bókfræðifærslur tengjast hverri bók. Nokkur kostuð verkefni voru unnin, aðallega tengd *timarit.is*, en sóst er eftir ritryndum íslenskum tímaritum og tímaritum sem koma ekki lengur út. Sjá nánar töflu 5.5.

Handritasafn

Meginhlutverk er að annast söfnun, varðveislu, skráningu og rannsóknir íslenskra handrita og skjala sem ekki heyra undir lögbundin skil til Þjóðskjalasafns eða héraðsskjalasafna. Starfsfólk skráir handrit og einkaskjalasöfn, annast kynningar fyrir nemendahópa, þjónustar safngesti á sal, sinnir upplýsingabjónustu, aðstoðar við sýningar og heldur úti síðu á Fésbók til að kynna starfsemina.

Útlán

Alls voru skráð 5.602 (2.548) útlán í handritasafni, sem er um helningsaukning frá síðasta ári. Aukninguna má rekja til fleiri fræðimanna sem notuðu talsverðan fjölda handrita að staðaldri. Millisafnalán voru 17.

Aðföng

Skráðar voru 65 afhendingar í aðfangabók á árinu, handrit og einkaskjalasöfn. Meðal aðfanga voru gögn Agnars Þórðarsonar rithöfundar, dagbækur og bréf Vigfúsar Grænlandsfara, bréf Annie Leifs, dagbækur Arnljóts Ólafssonar hagfræðings og alþingismanns, bréf frá Halldóri Laxness til Ingibjargar Einarsdóttur leikkonu og bréf og dagbækur Guðmundar Hannessonar læknis. Þá afhentu Sigurður Ragnarsson og Sólveig Einarsdóttir

viðbætur við áðurkomin gögn Einars Olgeirssonar. Loks komu nokkur söfn frá Leikminjasafni Íslands, m.a. safn Soffíu Guðlaugsdóttur, Brynjólfs Jóhannessonar og Áróru Halldórsdóttur.

Skráning aðfanga

Áfram var unnið að skráningu úr aðfangaskrá 1964-2013. Í árslok 2018 var búið að skrá 1.617 handrit úr aðföngum. Af þeim er búið að skrá 1.446 þeirra á *handrit.is*. Auk þess voru 174 einkaskjalasöfn sett á safnmark (NF) og gengið frá í öskjur. Jafnframt var unnið að skrá yfir einkaskjalasöfn sem taldi alls 1.214 söfn í árslok og voru þar færðar inn upplýsingar um skjalamyndara (fæðingar- og dánarár, stétt, aðfangadagsetningu, umfang og fleira). Þá var gengið frá ýmsum einkaskjalasöfnum (skipt um umbúnað og gerð skrá o.fl.) s.s. safn Sigurðar Nordals, Jóns Eyþórssonar, Auðar Laxness, Guðna Jónssonar og fleiri, bæði ný aðföng og gömul.

Samskrá handrita – *handrit.is*

Haldið var áfram skráningu á *handrit.is*. Í árslok 2018 höfðu 6.013 (5.792) handrit í vörslu Lbs-Hbs verið frumskráð, fjöldi myndaðra handrita var 1.605 (1.539) og fjöldi mynda 435.769 (409.604). Á árinu 2018 var lögð áhersla á skráningu handrita úr Kaupmannahafnardeild Hins íslenska bókmenntafélags (ÍB), rímnahandrit og handrit Magnúsar Jónssonar í Tjaldanesi (1835-1922). Þá voru skráð og mynduð ýmis handrit vegna tilfallandi pantana.

Skráning einkaskjalasafna – *einkaskjol.is*

Skráning úr handritasafni á *einkaskjol.is* var í biðstöðu á árinu 2018 vegna annarra verkefna, en unnið var að skrá yfir einkaskjalasöfn sem mun nýtast við skráningu þeirra inn á *einkaskjol.is*. Sú skrá taldi 1.214 söfn í árslok 2018 sem fyrr segir.

Leikminjasafn Íslands

Margrét Gunnarsdóttir sagnfræðingur vann í hlutastarfi við frágang og skráningu á einkaskjalasöfnum frá Leikminjasafni Íslands.

Sumarskóli í handritafræðum

Handritasafn tók þátt í sumarskóla í handritafræðum í samstarfi við Árnastofnanir í Reykjavík og Kaupmannahöfn í byrjun ágúst. Nemendur fengu kynningu á sögu og safnkosti handritasafns og leystu verkefni á lessal.

R1918

Á fyrri hluta ársins tók starfsfólk handritasafns og Kvennasögusafns saman dagbókarbrot og bréf frá árinu 1918 til upplestrarar á RÚV, en í hádeginu á hverjum degi frá 1. janúar og fram í júní 2018 voru þau lesin upp, alls 160 lestrarar. Auglýst var eftir fólk til að lesa upp textana og las forseti Íslands upp síðasta innslagið þann 9. júní. Þessi viðburður var í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og RÚV. Vinnan við verkefnið var kynnt á fundi á vegum Listahátíðar þann 11. júní og fékk tilnefningu til *Prix Europa* verðlaunanna um haustið.

Rannsóknaverkefnið Paper Trails

Safnið tók þátt í Rannísverkefnið *Paper Trails* (*Pappírsslóð rakin*) en verkefnið er í umsjón Þórunnar Sigurðardóttur hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum. Jón Kristinn Einarsson var ráðinn í hlutastarf í verkefnið sem fólst í greiningu og skráningu á vatnsmerkjum í íslenskum handritum og bókum. 52 folio-handrit frá 17. öld voru greind, skráð og undirbúin fyrir vatnsmerkjamyndun. Í þeim fundust 281 vatnsmerki. Handritin voru skráð á vefinn *handrit.is* en einnig er unnið að myndun þeirra. Við skráningu vatnsmerkja var stuðst við staðal frá The International Association of Paper Historians (IPH). Þá bættust tuttugu 4to og 8vo handrit við verkefnið eftir að það hófst. Af þeim er búið að rannsaka fjögur handrit og fundust í þeim 17 vatnsmerki. Til stendur að skrá þessi handrit með sama hætti og folio-handritin.

Sýningar

Gögn úr handritasafni voru notuð í eftirtöldum sýningum: *Edda II*, *Tímanna safn*, *Guðrún Lárusdóttir* og *Kveisustrengur*. Þá eru sem fyrr ýmis gögn á sýningunni *Sjónarhorn* í Safnahúsini þar sem starfsfólk handritasafns var með kynningar við nokkur tækifæri á árinu. Ennfremur var handritið Lbs 747 fol. lánað á sýninguna *Lífsblómið* í Listasafni Íslands.

Íslandssafn

Meginhlutverk Íslandssafns er að þaulsafna gögnum útgefnum á Íslandi í prentuðu formi eða á öðrum miðlum, búa í hendur notendum og varðveita handa komandi kynslóðum, svo og að afla hliðstæðra gagna sem gefin eru út erlendis

og varða Ísland og Íslendinga. Þar eru veittar upplýsingar og prentuð rit sótt fyrir notendur til afnota á lestrarsal. Meðal fastra verkefna hvers árs er að fara yfir safnkostinn og eldri ritum sem safninu hefur áskotnast bætt við. Einnig þarf að flokka og ganga frá svokölluðu dægurprenti s.s. bæklingum og auglýsingum sem sífellt bætist við. Samkvæmt Gegni bættust um 3.608 (4.072) strikamerkjaeiningar við safnkost Íslandssafns árið 2018.

Röðun safnkosts

Í byrjun árs 2018 voru tekin upp ný strikamiðanúmer fyrir Íslandssafn og ritum raðað upp í aðfangaröð eins og fram kom í árskýrslu 2017. Þetta hefur í för með sér að mun fljótlegra er að sjá hversu mörg eintök hafa bæst við safnið og hversu mikið pláss efnið tekur. Allt nýtt efni sem kemur inn í safnið fer í þessar raðir fyrir utan dagblöð og tímarit. Fjöldi nýrra rita í Íslandssafni sem fóru í nýju uppröðina eru sem hér segir:

Aðföng 2018	Eintök	Hillumetrar
8vo	1.997	29.0
4to	803	7.3
Folio	85	7.0
Samtals	2.885	43.3

Stafræn endurgerð fyrir *tímarit.is*

Í Íslandssafni er sífellt unnið að því að bæta við titlum tímarita og dagblaða á vefinn *tímarit.is* en stefnt er að því að flest tímarit og dagblöð sem ekki eru lengur í útgáfu verði birt á vefnum. Jafnframt eru á hverju ári gerðir nokkrir samningar um stafræna endurgerð við útgefendur tímarita sem enn eru gefin út. Árið 2018 bættust 42 (60) tímaritstítlar við vefinn eða 159.624 (183.221) bls. Heildarfjöldi í árslok var 5.619.722 (5.460.098) bls.

Gestir Íslandssafns

Gestir á lestrarsal 1.h. árið 2018 voru 3.892 (3.475) skv. skráningu í gestabók. Gestum hefur því fjölgað á milli í ára, en síðustu ár hefur gestum farið fækkandi og má það m.a. rekja til þess að nú geta allir sótt sér þjónustu Íslandssafns og handritasafns á netinu í meira mæli en áður.

Varaeintakasafn í Reykholti

Varaeintakasafn Íslandssafns er varðveitt í Reykholti og þar eru hýst varaeintök hvers árs af bókum, tímaritum, dagblöðum og

dægurprenti. Varaeintök af tónlist, myndefni og tölvuefni er varðveitt í Þjóðarbókhlöðu. Í Reykholti er starfsmaður í hálfu starfi við að ganga frá því efni sem berst úr aðalsafni einu sinni á ári, venjulega að vori. Auk þess liggar þar töluverður forði af tímaritum og skýrslum frá því fyrir 2005, sem ekki hefur verið eintakstengdur. Þegar gengið hefur verið frá sendingu hvers árs, er unnið við að eintakstengja og raða þessu efni. Árið 2018 bættust tæplega 4.719 (4.375) strikamerkjaeiningar við varaeintakasafnið.

Lokið var við að vinna upp úr kössum af brettum, flokka og raða upp skýrslum í 4to og 8vo stærð til tengingar. Á árinu var allt 4to efni tengt í Gegni, fyrir utan tímarit. Jafnframt er langt komið með að ljúka við skýrslur í 8vo stærð, en búið er að flokka og pakka um 11 hillumetrum til tengingar. Eftir standa um 4 hillumetrar af 8vo efni sem eftir er að vinna með, fyrir utan tímarit. Lítið sem ekkert hefur verið unnið í dagblöðum, landsmálablöðum og tímaritum í 4to. Þá var lokið við efni úr járnskápum á 1.h., fyrir utan nokkur box með smáprenti/dægurprenti.

Í janúar var varaeintakasafnið gert að sérsafni í Gegni, en áður var það safndeild undir Íslandssafni. Það var til mikilla bóta því nú er hægt að vinna sjálfstætt með safnið. Jafnframt fæst betri sýn á hvað er til og hvað vantar í Reykholt og einnig er hægt að keyra út lista úr Gegni yfir það efni sem vantar (sjá töflu 3.2).

Ritakaup og gjafir

Íslandssafni ber að hafa uppi á efni sem gefið er út erlendis og varðar Ísland og Íslendinga. Á það bæði við um prent og annað útgefið efni. Oftast þarf að kaupa þessi verk og þau eru talin með öðrum ritakaupum. Reynt er að fylla í eyður og nú sem endranær var unnið úr gjöfum sem borist hafa og úr efni frá bókasöfnum stofnana sem verið er að leggja niður.

Sérsöfn

Hlutverk einingarinnar er að halda utan um ýmis sérsöfn og veita aðgang að þeim auk annarra verkefna. Skilgreind sérsöfn eru 21 og eru þau misstór, sbr. töflu sem er unnin úr Gegni um fjölda eintaka í hverju safni.

Sérsöfn	2016	2017	2018
Benediktssafn	7.566	7.567	7.570
Bókbindarasafn	184	235	318
Bókminjasafn	863	862	938
Bókverkasafn	119	224	410
Davíðssafn	892	892	892
Einarssafn	766	766	766
Erlent fágæti	10.270	10.285	10.301
Fiskesafn	1.236	1.236	1.237
Johnsenssafn	97	97	97
Steffensensafn	7.063	7.079	7.111
Kortasafn	2.094	2.124	2.132
Kristmannssafn	221	221	221
Laxnesssafn	1.048	1.052	1.062
Lárusarsafn	587	587	587
Nonnasafn	736	737	738
Ragnar Þorsteinsson	1.296	1.296	1.296
Ferðabókasafn Seðlabanka	2.805	2.805	2.805
Safnahús	54	54	54
Sænska safnið	1.786	1.785	1.785
Watsonssafn	1.287	1.287	1.287
Þorsteinssafn	1.860	1.860	1.764
<i>Samtals</i>	42.830	43.051	43.371

Eitt af helstu verkefnum ársins var frágangur og ítaraskráning fornra íslenskra bóka til myndunar fyrir [bækur.is](#). Í árslok 2018 voru 1.688 (1.636) titlar aðgengilegir í 2.106 (2.068) bindum, samtals 480.071 (471.793) bls.

Önnur verkefni ársins báru keim af því að haldið var upp á 200 ára afmæli safnsins á árinu. Sérstök vinna var lögð í sýningu um bókverk í Safnahúsinu en uppistaðan í henni voru rit úr bókverkasafninu. Bókverkum fjölgaði töluvert og voru um áramót 410, en voru 119 þegar stofnað var til sérsafnsins. Einnig hefur orðið töluverð aukning í bókbindarasafni, þar eru nú 318 sveins- og meistarastykki í bókbandi.

Kvennasögusafn

Kvennasögusafn Íslands sem var stofnað 1. janúar 1975 varð hluti af Lbs-Hbs árið 1996 og flutti þá í Þjóðarbókhlöðu. Í stjórnarfnd voru Ragnheiður Kristjánsdóttir af hálfu RIKK, Ingibjörg H. Hafstað sat í stjórn til maí af hálfu Kvenfélagasambands Íslands en eftir það tók Vilborg Eiríksdóttir við af henni, og Bragi Þorgrímur Ólafsson af hálfu Lbs-Hbs.

Fyrirspurnir og heimsóknir

Skráðar voru 221 (152) fyrirspurn, sem bárust á árinu eftir ýmsum leiðum; símleiðis, í tölvupósti, heimsóknum og gegnum samfélagsmiðla. Þar af voru 43 (20) karlar og 178 (132) konur. Flestar fyrirspurnir koma frá Íslendingum. Yfirleitt voru það fjölmíðlar í leit að upplýsingum um jafnréttissögu Íslands. Í gestbók rituðu 119 (127) manns nafnið sitt. 47 (31) fengu gögn í lán á lestrarsal, 5 (8) karlar og 42 (23) konur.

Aðföng og skráning

21 einkaskjalasafn var afhent á árinu en auk þess komu aðrar gjafir s.s bækur, tímarit og einstaka munir. Af nýjum skjalasöfnum má nefna skjöl Félags háskólakvenna og skjöl Bandalags kvenna í Reykjavík, og bréfasöfn Ingibjargar H. Bjarnason og Elínar Briem. Listi um flest skjalasöfn varðveitt í Kvennasögusafni er á vefnum kvennasogusafn.is. Einkaskjöl eru einnig skráð á vefinn einkaskjol.is.

Vefir og samfélagsmiðlar

Kvennasögusafn heldur úti vefnum kvennasogusafn.is og sér um síðu á Fésbók og og er með Twitter reikning. Í lok árs voru 1.696 sem líkuðu við síðuna og Twitter fylgjendur voru 290 í lok árs. Vinsælustu færslurnar á samfélagsmiðlum voru tengdar kvennafrídögunum 1975 og 2018.

Sýningar og kjörgripir

Söguskilti var sett upp við Kvennaheimilið Hallveigarstaði við Túngötu í apríl þar sem sagt er frá sögu hússins og félagsstarfi kvenna á Íslandi síðustu hundrað árin. Skiltið er samstarf Kvennasögusafns, Hallveigarstaða, Reykjavíkurborgar og Borgarsögusafns Reykjavíkur. Efni frá Kvennasögusafni var á sýningu um Guðrúnú Lárusdóttur sem var opnuð 9. maí (sjá bls. 25). Kvennasögusafn sá um kjörgrip mánaðarins á vef safnsins í desember, dreifiritið *Eru þetta okkar jól?* sem Rauðsokkahreyfingin dreifði á Þorláksmessu 1974. Dreifiritið var vinsælasta innlegg Kvennasögusafns á samfélagsmiðlum.

R1918 og Hugvísindaþing

Efni úr Kvennasögusafni var notað í verkefninu R1918 í samstarfi við Listahátið (sjá kafla um handritasafn). Á Hugvísindaþingi HÍ í mars var sagt frá heimildunum sem nýttar voru í tengslum við R1918 og Rakel Adolphsdóttir flutti erindi um Dýrlieif Árnadóttur nýstúdent árið 1918.

Hinsegin huldukonur

Verkefnið *Hinsegin huldukonur* fékk úthlutun úr Nýsköpunarsjóði námsmanna vegna tveggja nemenda til að taka viðtöl fyrir verkefnið. Kvennasögusafn var samstarfsaðili og fengu nemendurnir aðstöðu í safninu. Þá stendur til að afhenda til varðveislu þau gögn sem myndast við framkvæmd verkefnisins.

Kvennafrí 2018

Kvennasögusafn tók þátt í skipulagningu kvennafríss 2018, en verkefnið er styrkt af forsætisráðuneytinu. Saga kvennafríss og Kvennasögusafns er samofin og safnið varðveitir skjalasöfn kvennafrídaganna. Í ár var áhersla á launamisrétti, konur af erlendum uppruna á vinnumarkaði og #metoo.

Ráðstefnur og þing

Kvenréttindafélag Íslands hélt Kynjaþing í fyrsta sinn með styrk frá velferðarráðuneytinu, Reykjavíkurborg, VR og Seltjarnarnesbæ og fór fram 3. mars. Dagskrá þingsins var skipulögð af félaga- og grásrótarsamtökum og hugmyndin var sú að auka samræður milli þeirra sem er annt um jafnrétti og kynna það helsta sem er að gerast í femínískri umræðu. Í málstofu Kvennasögusafns kynnti Rakel Adolphsdóttir starfsemina, Íris Ellenberger kynnti verkefni sitt *Huldukonur* og Kristín Jónsdóttir kynnti vef sinn kvennalistinn.is, en bæði verkefnin styðjast við gögn sem Kvennasögusafn varðveitir.

12. Norræna kvenna- og kynjasögupingið var haldið í Oulu í Finnlandi 7.-9. júní. Sérfræðingur Kvennasögusafns flutti erindi um kvenfélag Sósíalista og möguleika kvenna til stjórnrmálapáttöku á árunum 1938–1968, en skjalasafn kvenfélagsins er varðveitt í Kvennasögusafni.

Stafræn endurgerð

Bréf skáldkonunnar Huldu (Unnar Benediktsdóttur Bjarklind) voru skráð og gerð aðgengileg rafraent snemma árs. Bréfin voru afhent árið 1993 og var skráning þeirra liður í að gera smærri afhendingar sem afhentar voru Kvennasögusafni áður en safnið sameinaðist Lbs-Hbs sýnilegri. Bréfin voru notuð í dagskránni *HULDA – Hver á sér fegra föðurland* sem flutt var viða um land og var hluti af dagskrá aldarafmælis fullveldis Íslands.

Norrænt samstarf

Kvennasögusafn Íslands er í nánum tengslum við NIKK, Nordisk Information för Kunskap om

Kön, sem hefur frá 2012 haft aðsetur í Gautaborg. NIKK er ein af stofnum Norðurlandaráðs. Það kallar saman fulltrúa kvennasögusafna og upplýsingastöðva á Norðurlöndum til árlegra funda. Söfnin hafa með sér óformlegan félagsskap NING (Nordic Information Network Gender). Rakel Adolphsdóttir sótti fund NING í Oslo í apríl.

Hljóð- og myndsafn

Við flutning Tónlistarsafns Íslands úr Kópavogi í Þjóðarbókhlöðuna, voru sameinaðar þjár einingar í einn faghóp: Tónlistarsafn Íslands, tón- og myndsafn og miðstöð munnlegrar sögu, undir heitinu *hljóð- og myndsafn*. Með Tónlistarsafninu fylgdu tveir starfmenn sem höfðu byggt það upp í Kópavogi í um 10 ár, þeir Bjarki Sveinbjörnsson og Jón Hrólfur Sigurjónsson. Með því að sameina þessar einingar má segja að ný vídd hafi opnast í starfsemi Lbs-Hbs, og endurspeglast það í heiti faghópsins.

Tónlistarsafn Íslands

Árinu var markvisst unnið að því að yfirfæra í stafrænt form hljóðrituð- og kvikmynduð gögn sem teljast til safnkosts Lbs-Hbs og skrá þau ítarlega á vefinn *hljodsafn.is*. Má þar nefna yfirfærslu á öllum íslenskum 78 snúninga hljómplötum í eigu safnsins, yfirfærslu og ítarskráningu á efni í Miðstöð munnlegrar sögu sem er á ýmsum hljóðritaformum, auk yfirfærslu á gögnum sem hafa borist kvennasögusafni og handritasafni. Leitast hefur verið við að koma upp aðstöðu til afritunar á flestum algengustu formum upptökutækninnar á hverjum tíma. Aðaláherslan er lögð á íslenskt efni, sem hefur í för með sér þó nokkra grisjun á því efni sem berst. Auk útgefínna hljóðrita færa tónlistarmenn safninu gögn og gripi af ýmsum toga sem endurspeglar lífsstarf þeirra, eins og úrklippubækur, hljóðritanir, mynda- og bréfasöfn, kvikmyndir og jafnvel hljóðfæri. Með flutningi Tónlistarsafns kom einnig rafrænn safnkostur s.s. gagnagrunnurinn *ismus.is* sem var í sameiginlegri eigu og umsjón TÍ og Stofnunar Árna Magnússonar, auk stafræns hljóð- og myndefnis af ýmsum toga. Þá kom einnig margvíslegt stafrænt efni og ýmsar heimildir um íslenska tónlistarsögu á 19. og 20. öld. Bíður það frekari úrvinnslu.

Tón- og myndsafn

Meginhlutverk tón- og myndsafns er að það safna, varðveita og veita aðgang að útgefnum íslenskum hljóðritum og myndefni sem gefið er út á Íslandi og safna eftir megni hljóðritum og myndefni sem Íslendingar eiga aðild að og gefið er út erlendis. Safnkosturinn er að mestum hluta varðveislaefni fengið í skylduskilum, s.s. íslensk hljóðrit (tónlist og hljóðbækur) og kvikmyndir, en hluti safnkostsins er keypt efni, s.s. hljóðrit Íslendinga sem gefin eru út erlendis, erlendar kvikmyndir sem Íslendingar eiga aðild að og erlendar kvikmyndir ætlaðar háskólanemum. Í tón- og myndsafni er aðstaða til að hlusta á hljóðrit og skoða myndefni og einnig er úrvval af nótnaheftum til útláns, auk raddskráa og handbóka til notkunar á staðnum.

Gjafir

Margar gjafir bárust á árinu, bæði hljóðrit og myndefni, s.s. frá RÚV, Oddgeiri Eysteinssyni, Guðrúnu Tómasdóttur, Martin Regal, Bókasafni Menntavísindasviðs og Bókasafni Mosfellsbæjar. Þá eru ótalin hljóðrit og myndir sem Lbs-Hbs áskotnuðust og send voru í Amtsbókasafnið á Akureyri til varðveislu. Jóseffína Ólafsdóttir gaf safninu myndbandstæki.

Kjörgripur mánaðarins

Ferðaorgel Jóns Leifs úr Tónlistarsafni var kjörgripur í mars mánuði. Orgelið var smíðað um 1900 og keypti hann það í Berlín árið 1921 og notaði það á ferðum sínum um ísland á árunum 1925 til 1928 og aftur á fjórða áratugnum við söfnun þjóðlaga.

Sýningar

Hljómplötur og geisladiskar út tón- og myndsafni voru á sýningu um Jón Leifs sem var opnuð í mars, í tilefni af frumflutningi á óratoríu hans, Eddu II. Í tengslum við sýninguna var einnig gert átak í að afrita hljóðrit með verkum Jóns í Hljóðsafnið og voru komnar 393 hljóðskrár í árslok.

Hljóðsafn.is

Í hljóðsafninu, eru stafræn afrit af hljómplötum, snældum og tónlistardiskum, auk vefútgáfu sem afrituð hefur verið til varðveislu. Vefurinn fékk nýtt útlit þann 1. des. í tilefni af 100 ár fullveldisafmælinu. Tilgangurinn er að varðveita íslenska hljóðritaútgáfu til frambúðar og bæta aðgang að hljóðritum safnsins. Hægt er að

hlusta á hljóðrit í höfundarrétti í tölvum á 4.h., en efni sem komið er úr höfundarrétti er opið á netinu. Í árslok voru í hljóðsafni afrit af tónlistardiskum frá fyrstu ellefu árum íslensku geisladiskaútgáfunnar (1987–97) og töluvert af nýrri útgáfu, en jafnt og þétt bætist í safnið. Á árinu heimilaði STEF að notendur gætu hlustað á 25 sek. hljóðdæmi á netinu og Félag tónskálða og textahöfunda heimilaði birtingu á myndum af bæklingum og hljóðritum.

Í árslok voru 37.938 (33.458) hljóðskrár í hljod.safn.is og þar af voru 620 (622) opnar (s.s. tónlist komin úr höfundarrétti eða viðtöl úr Miðstöð munnegrar sögu) og skiptast þannig:

Fjöldi hljóðskráa	2017	2018
Af geisladiskum	29.228	32.354
Af netinu	1.852	2.662
Af 78 snúninga hljómplötum	653	655
Af snældum	1.321	1.776
Frá Miðstöð munnegrar sögu	389	389
<i>Samtals</i>	33.458	37.938

Miðstöð munnegrar sögu

Meginhlutverk miðstöðvarinnar er að safna munnelegum heimildum um sögu lands og þjóðar, varðveisla þær, skrá og gera safnkostinn aðgengilegan. Miðstöðinni er ætlað að efla munnegra sögu sem aðferð í sagnfræði og standa fyrir fræðilegri umræðu um munnegra sögu. Miðstöðin á tvö hljóðupptökutæki sem lánuð voru út til fjögurra verkefna árið 2018. Afhendingar til Miðstöðvarinnar voru fjórar, frá nemum vegna háskólaverkefna.

Fagráði

Í fagráði sitja Sigurður Gylfi Magnússon formaður, fyrir hönd Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands, Unnur María Bergsveinsdóttir, fyrir hönd Sagnfræðingafélags Íslands og Örn Hrafnkelsson, fyrir hönd Lbs-Hbs. Fagráðið tekur þátt í stefnumótun og veitir ráðgjöf um verkefnaval, fagleg málefni og aflar sértekna til einstakra verkefna.



Þjónusta og miðlun

Sviðið ber ábyrgð á þjónustu við notendur, miðlun upplýsinga og safnkostum við Háskóla Íslands. Meginverkefni eru útlán, millisafnalán, upplýsingaþjónusta, fræðsla og kynningar, umsjón með ritakosti og vinnurýmum, lesherbergi, námsbókasafn, varðveislusöfnin Skemman og Opin vínsindi, ritstuldarhugbúnaðurinn Turnitin og Landsaðgangur. Í lok árs voru fastir starfsmenn sviðsins 22 og ársverk þeirra 18.6. Þar af voru fimm nemar í 2,5 ársverkum. Alls voru sjö karlar og fimmtán konur á sviðinu. Sviðsstjóri er Guðrún Tryggvadóttir

Almennt má segja að heldur dragi úr hefð-bundinni bókasafnsþjónustu milli ára, s.s. útlánum og millisafnalánum, en notkun rafræns safnkosts fari vaxandi. Ef skoðaður er heildarfjöldi sóttra greina, bókarkafla og bóka á háskólasvæðinu, úr þeim rafrænu söfnum sem Lbs-Hbs og Háskóli Íslands kaupa áskrift að, er hann 420.602 gögn á árinu, sem er aukning um 36.754 gögn milli ára. Á sama tíma voru heildarútlán prentaðs efnis um 2.500 færri en

árið á undan. Þessar tölur benda til breyttrar upplýsingahegðunar þeirra sem nýta sér safnkostinn og má jafnframt túlka sem vísbendingu um að sú metnaðarfulla fræðsla sem sérfræðingar sviðsins bjóða stúdentum Hí yfir skólaárið skili árangri.

Afgreiðslutími

Safnið var opið í 80 tíma á viku yfir vetrartímann. Sumartími var í gildi frá 10. maí til 28. ágúst og

var safnið þá opið 40-44 tíma á viku. Lokað var á laugardögum frá 17. júní fram yfir verslunarmannahelgi. Sami afgreiðslutími var yfir jól og áramót. Afgreiðslutíminn var lengdur þrjár helgar um 6 tíma á viku vegna prófa í Háskóla Íslands í apríl-máí og aftur í nóvember-desember.

Þjónustuborð

Þjónustu- og miðlunarsvið mannar fimm þjónustustöðvar, fjórar í Þjóðarbókhlöðu og eina í útibúi í Lögbergi. Á 2.h. er almenn afgreiðsla, útlán og sérhæfð upplýsingaþjónusta. Á 3.h. eru veittar upplýsingar um blaða-og tímaritakost safnsins og lokaritgerðir nemenda við HÍ. Á 4.h. eru veittar upplýsingar um bókakost safnsins og þjónusta við notendur hljóð- og myndsafns. Þær er og námsbókasafn í opnu rými en vinna við námsbókasafn er veigamikill þáttur í starfsemi sviðsins við upphaf nýs kennslumisseris í Háskóla Íslands, haust og vor. Í kjallara eru afgreidd rit sem safngestir biðja um úr geymslugum.

Upplýsingaþjónusta og notendafræðsla

Dagleg umsvif og einstaklingsbundin leiðsögn um notkun rafrænna gagna, bæði í síma og á staðnum, voru svipuð og undanfarin ár. Alls bárust upplýsingaþjónustu 696 fyrirspurnir og þær af voru 403 teknar til nánari úrvinnslu en 293 vísað annað. Erindi sem bárust á netspjall sem var opnaði á aðalvef safnsins 2017 voru 165. Vikuleg viðvera starfsfólks upplýsingaþjónustu á Háskólatorgi undir heitinu *Bókasafnið til þín*, hefur fest sig í sessi.

Notendafræðsla

